Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðir bæjarráðs 1939

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bæjarráð 1939.

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðir

# BÆJARRÁÐS REYKJAVÍKUR

# 1939

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, fimmtudaginn 6. jan. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leigja Helga Guðmundssyni, Grettisgötu 59 og Guðmundi Jónssyni, Baldurgötu 20, svokallað Kaupmannatún til slægur og beitar í eitt ár, enda er heimild að taka af því undir kálgarða, ef þörf gerist. Ársleiga sé kr. 400.00.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXVII. Fyrir 10.600,00. - Hafnað.

3. Samþ. að áfrýja til yfirmats mati lóðamatsnefndar á leigu eftir lóðir þar, sem um getur í 2. lið síðustu fundargerðar, að undanskildu mati á lóð h/f. Lifur og bein við Köllunarklettsveg.

4. Lagt fram bréf frá Guðbjarti Torfasyni um sameiningu á erfðafestulöndunum Sogamýrarbletti XXVI og LVIII. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

5. Lögð fram skýrsla um rekstur Sundhallarinnar í nóvember.

6. Lögð fram áskorun frá trúnaðarmannaráði Dagsbrúnar um fjölgun í atvinnubótavinnunni.

7. Lögð fram tillaga Ársæls Sigurðssonar og Björns Bjarnasonar frá bæjarstjórnarfundi í gær um fjölgun í atvinnubótavinnunni.

8. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

9. Samþ. að selja Geir Gunnlaugssyni, Eskihlíð, Vatnsmýrarblett VIII á erfðafestu.

10. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn að sótt verði um viðurkenningu Tryggingarstofnunnar ríkisins á starfsemi Eftirlaunasjóðs Reykjavíkurborgar samkv. 2. málsgr. 49. gr. laga um alþýðutryggingar.

11. Dr. Björn Björnsson gaf bæjarráðinu skýrslu um athuganir sínar á tilboðum þeim, sem borist hafa í brunatryggingar í bænum.

12. Samþ. að heimila borgarstjóra að selja lóðina nr. 13 við Hólavallagötu.

13. Útsvarsmál: María Benjamínsson, Garðastræti 35.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Tómas Jónsson
Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 13. jan. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að gefa Ingibjörgu Bjarnadóttur, Aðalstræti 9, kost á leigulóðunum nr. 50 og 52 við Víðmel.

2. Lagt fram bréf frá Magnúsi Thorlacius lögfr. viðvíkjandi sölu á erfðafestulandinu Laugarásbletti 16.

3. Samþ. að gefa Jóni Eiríkssyni múrara Urðarstíg 15, kost á leigulóðunum nr. 18 og 20 við Vífilsgötu.

4. Lagt fram bréf frá Glímufélaginu Ármanni þar sem þess er óskað að félaginu verði leyfð afnot af íshúsinu við Tjörnina til íþróttaiðkana.

5. Lögð fram beiðni frá sama félagi um 1500 króna styrk til byggingar bátaskýlis.

6. Lögð fram beiðni frá Golfklúbb Íslands um 1000 króna árlegan styrk úr bæjarsjóði.

7. Lagt fram bréf frá Meistarafélagi Járniðnaðarmanna og Félagi Járniðnaðarmanna viðvíkjandi verði á rafmagni til skipaviðgerða. - Falið rafmagnstjóra til athugunar.

8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

9. Lagðar fram umsóknir um utanfararstyrk frá Jóni Ísleifssyni söngkennara, Marteini Magnússyni kennara og Nielsínu Ásbjörnsdóttur leikfimikennara.

10. Lagðar fram og samþykktar tillögur sundhallarforstjórans um aðgangseyri sjúklinga að Sundhöllinni.

11. Lagt fram bréf frá Gísla Herm. Guðmundssyni, Njálsg. 7, þar sem hann kvartar yfir því, að hann verði afskiptur við úthlutun atvinnubótavinnu. Vísað til stjórnar Vinnumiðlunarskrifstofunnar.

12. Lagt fram bréf frá atvinnumálaráðherra um greiðslu atvinnubótafjár.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Jakob Möller   Stefán Jóh. Stefánsson
Jón Björnsson   Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 20. jan. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að gefa h/f Víkurfélaginu kost á leigulóð undir veksmiðjubyggingu vestan Pálshúss, milli Lágholtsvegar og Hringbrautar, eftir nánari útvísun.

2. Samþ. að leysa Ársæl Jóhannsson skipstjóra frá kaupsamningi um lóðina nr. 46 við Garðastræti, skv. beiðni hans, og selja Þóroddi W. Jónssyni kaupm. lóðina.

3. Samþ. að gefa Steindóri Einarssyni kost á leigulóð við Hringbraut, vestan við bifreiðageymslu hans.

4. Lagt fram bréf frá Sigrúnu S. Bjarnar þar hún óskar eftir að fá á leigu Kringlumýrarblett V, eystri og vestri Grafarblett, Samtún og Rauðarártún með viðauka.

5. Lagt fram bréf frá Sigurjóni Péturssyni, Álafossi, þar sem hann kvartar yfir því, að heita vatnið í Amsterdamshver hafi minnkað síðustu daga. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

6. Lögð fram tilkynning frá dómsmálaráðuneytinu um að það hafi staðfest tillögur bæjarstjórnar um breytingar á lögreglusamþykktinni.

7. Lagt fram bréf frá sama ráðuneyti þar sem það tilynnir, að það hafi staðfest reglugerð fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur með nokkrum breytingum.

8. Lögð fram skýrsla frá Vinnumiðlunarskrifstofunni um tölu atvinnulausra manna í gær.

9. Lögð fram beiðni frá Gísla Styff um meðmæli með umsókn um veitingaleyfi.
   - Vísað til bæjarstjórnar.

10. Lögð fram skýrsla um Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar í desembermánuði.

11. Lögð fram umsögn Verzlunarráðs Ísland, ásamt fylgiskjölum, um erindi sælgætis- og tóbaksverzlana viðvíkjandi lokunartíma þeirra. - Vísað til bæjarstjórnar.

12. Helgi H. Eiríksson bar fram svofellda tillögu:
    Bæjarráð ákveður að fela Ágústi Sigurðssyni magister að undirbúa og koma af stað námsflokkum þeim, sem fé er veitt til á fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir árið 1939, enda leggi hann tillögur um fyrirkomulag, húsnæði og kennara fyrir næsta bæjarráðsfund. - Samþ.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Synjað beiðni frá Gunnari Guðmundssyni kennara um byggingarlóð við Klepps-veg eða Ásveg.

14. Samþ. að gefa Atla Eiríkssyni, Lokastíg 23, kost á leigulóðunum nr. 6 og 8 við Skarphéðinsgötu.

15. Lögð fram beiðni frá Ársæli Kjartanssyni, Auðarstræti 11, sem leigulóðina nr. 20 við Skarphéðinsgötu. - Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

16. Lögð fram fyrirspurn frá Zoffaníasi S. Sigurðssyni, Reykjavíkurvegi 9, um það, hvort honum verði leyft að byggja einlyft steinhús á lóðinni nr. 12. við Reykja-víkurveg. Bæjarráð vill ekki verða við beiðninni.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Bjarni Benediktsson   Guðm. Eiríksson
Helgi H. Eiríksson   Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 27. jan. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram tilkynning frá yfirskattanefnd Árnessýslu um að útsvar Sogsvirkjunnarinnar til Grímsneshrepps 1938 skuli falla niður.

2. Lögð fram beiðni frá Landssambandi Iðnaðarmanna um að því verði veitt heimild til að beita sér fyrir iðnsýningum þeim, sem fé er veitt til í fjárhagsáætlun f.á.

3. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Pétri Ketilssyni, Baugsvegi 7, lóðina nr. 16 við Flókagötu.

4. Lögð fram beiðni frá Ragnari Lövdal um lóðirnar nr. 40 og 42 við Hringbraut, enda verði þær stækkaðar um 1 meter með götu. - Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

5. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Þorgeiri Jóelssyni, Hverfisgötu 100 A, lóðirnar nr. 32 og 34 við Rauðarárstíg.

6. Synjað beiðni frá Guðjóni Eggertssyni, Lokastíg 23, um lóðirnar nr. 10 og 12 við Skarphéðinsgötu.

7. Lagt fram bréf frá skipulagsnefnd viðvíkjandi útgáfu smáhefta um Reykjavík til útbýtingar á Internationalle Stadsbygnadskongressen í Stockholm 1939.

8. Bæjarráðið samþ. fyrir sitt leyti, með 4:1 atkv. að mæla með því að Guðmundi Ólafssyni, Túngötu 16, verði leyft að byggja á lóð hans við Garðastræti.

9. Lögð fram skýrsla frá Vinnumiðlunarskrifstofunni um tölu atvinnulausra manna í gær.

10. Lagt fram bréf frá Leifi Sigurðssyni, Hverfisgötu 96 B, um viðskipti hans við rafmagnsveituna.

11. Samþ. að veita Kristjáni Einarssyni, Grettisgötu 48, löggildingu sem rafmagnsvirkja fyrir lágspennuveitur í Reykjavík.

12. Lagt fram bréf frá Lúther Hróbjartssyni um ræstingarkostnað í Austurbæjarskólanum.

13. Útsvarsmál: db. Anne M. Jonsson, Kristjana Jónsdóttir, Laugarnesvegi 70, Marel S. V. Bjarnason, Grett. 55 A, ~~Kristín Pétursdóttir~~, db. Ara Helgasonar,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólafur Bjarkason, Fram. 10 A, Sigurveig Vigfúsdóttir, Óð. 17 B, Ingi S. Bjarnason, Laug. 11, Guðmundur Sveinsson, Bárug. 17, Helgi Eiríksson, ölgerðarmaður, Jón Sigurðsson, Hjalla í Ölfusi, Jörgen Þórðarson, Spítalastíg 4, Einar Eiríksson, Marargötu 2, Kristján Sigurmundsson, Leifsg. 10, María Benjamínsson, Garðastræti 35, Sigurfinnur Hallvarðsson, Grettisg. 65, Sigurður Kristjánsson, fyrrv. bóksali, Ólafur Sveinsson, Njálsg. 74, Þóra Kr. Runólfsdóttir, Ólafur Þorgrímsson, lögfr.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson
Bjarni Benediktsson Jón Björnsson
Stefán Jóh. Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 3. febr. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

Hið nýja bæjarráð skipa: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Bjarni Benediktsson, Guðmundur Eiríksson og Stefán Jóh. Stefánsson: - Varamenn: Jón Björnsson, Helgi H. Eiríksson, Valtýr Stefánsson, Gunnar Thoroddsen og Jón Axel Pétursson

1. Borgarstjóri var kosinn formaður bæjarráðs, Guðmundur Ásbjörnsson varformaður og Stefán Jóh. Stefánsson ritari.

2. Samþ. að gefa Guðmundi Halldórssyni Ljósvallagötu 18, kost á lóðinni nr. 13 við Blómvallagötu.

3. Lagt fram bréf frá stjórn Byggingafélags trésmiða þar sem þess er óskað, að félagið fái forgangsrétt að lóðum undir smáhýsi í Rauðarártúni.

4. Lögð fram beiðni frá Baldri Jónssyni, Þórsgötu 17, um leyfi til að hafa sumarbústað í Elliðavatnslandi. Falið rafmagnsstjóra til athugunar.

5. Umsókn Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík um að fá leigðan Miðbæjarskólann til iðnsýningar í sumar vísað til skólanefndar til umsagnar.

6. Samþ. að gefa Ársæli Kjartanssyni, Auðarstræti 11, kost á lóðinni nr. 20 við Skarphéðinsgötu.

7. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn, að varið verði úr bæjarsjóði kr. 1000,00 til að rannsaka ónæmi barna í barnaskólum Reykjavíkur gegn berklaveiki, gegn jafnhárri upphæð úr ríkissjóði.

8. Lagt fram bréf frá Mæðrastyrksnefndinni viðvíkjandi greiðslu á styrk til nefndarinnar.

9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

10. Lögð fram skýrsla um rekstur Sundhallarinnar í des.

11. Samþ. að veita Jónasi Magnússyni, Öldugötu 44, löggildingu sem rafmagnsvirkja við lágspennuveitur í Reykjavík.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson
Stefán Jóh. Stefánsson Bjarni Benediktsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 10. febr. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Ákveðið að hefja vinnu við sandnámu bæjarins undir verkstjórn Björns Jónssonar, Sólvallagötu 40, og fyrst um sinn aðeins með dagvinnuflokki. Vegna stórmikils halla á rekstri sandnámsins tvö undanfarin ár var bæjarverkfræðingi jafnframt falið að hafa nákvæmt eftirlit með rekstrarafkomunni framvegis og gera bæjarráði aðvart ef fyrirsjáanlega verður halli á rekstrinum.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulöndunum Laugarnesi og Köllunarklettsbletti með húsum og mannvirkjum fyrir kr. 75.000,00. Hafnað.

3. Lögð fram beiðni frá Hallgrími Jónssyni vélstjóra, Borgarholti, um að honum verði leyft að selja ca. 3 hektara úr erfðafestulandi hans í Kaplaskjóli. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

4. Samþ. að leigja Magnúsi G. Guðnasyni og Ársæli Magnússyni ca. 1000 ferm. lóð í Rauðarárholti undir steinsmíðaverkstæði eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

5. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Einari Þorgrímssyni, Ljósvallagötu 8, lóðirnar nr. 6 og 8 við Karlagötu.

6. Lögð fram beiðni frá O. Johnson og Kaaber um leyfi til að byggja verksmiðjuhús í Þormóðsstaðalandi. Vísað til skipulagsnefndar til umsagnar.

7. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Markúsi Einarssyni lóðirnar nr. 6 og 8 við Vífilsgötu.

8. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Gunnlaugi Bárðarsyni lóðirnar nr. 22 og 24 við Mánagötu.

9. Lögð fram skýrsla um útihljómleika Lúðrasveitar Reykjavíkur árið 1938.

10. Lagt fram bréf frá mæðrastyrksnefndinni viðvíkjandi greiðslu styrks til nefndarinnar o.fl.

11. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra um launagreiðslur til Kristjáns Þorvarðarsonar innheimtumanns. Bæjarráðið felst á tillögu rafmagnsstjóra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Beiðni frá Kristjáni Kjartanssyni um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir láni til að kaupa vél í teinæring falið borgarritara til athugunar.

13. Lagt fram bréf frá Benedikt Jakobssyni viðvíkjandi ráðningu íþróttaráðunauts fyrir bæinn.

14. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifsofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

15. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að undirbúa gatnagerð í Félagstúni á svæði því, sem ætlað er undir smáhýsi.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
H. H. Eiríksson Guðm. Eiríksson
Stefán Jóh. Stefánsson
Bjarni Benediktsson Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1939, miðvikudaginn 15. febr. kl. 3 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Tekin voru fyrir:**

Útsvarsmál: Guðmundur Þorvaldsson Tjarn. 10 A, Guðmundur Jónsson Njg. 110, Guðlaug Guðmundsdóttir Hvg. 58, Eyjólfur J. Einarsson Leifg. 21, Guðjón Guðjónsson Hvg. 66 a, Eiríkur Ormsson Lauf. 34, Aðalsteinn Magnússon Framnv. 48, Wittrup, Astrid Vest. 41, Andersen Ole, Þórsg. 21, Björn Jónsson Grett. 78, Siguringi E. Hjörleifsson Sóleyjarg. 15, Jón Hróbjartsson Berg. 4, Jón Steingrímsson Hvg. 100, Sveinn Björn Pálsson Njg. 84, Lúdvíg Einarson Vest. 45, Björn Skúlason Lvg. 15, Guðmundur Þorkelsson, Gísli Sigjónsson Lauf. 3, Ásgeir Ásgeirsson Bókhl. 10.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson
Helgi H. Eiríksson Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 17. febr. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Ákveðið að taka 100 kr. árlegan vatnsskatt af hverjum útivatnskrana, sem notaður er til bílaþvotta.

2. Samþ. að leyfa skiptingu á erfðafestulandinu Kaplaskjólsmýri 8 eftir nánari ákvörðun síðar.

3. Synjað að svo stöddu beiðni Guðbjarts I. Torfasonar, Lyngholti, um erfðafestulandið Sogamýrarblett LVIII.

4. Jarðrækarnefnd búnaðarþingsins óskar umsagnar bæjarráðs um erindi Kristófers Grímssonar f.h. bænda í Sogamýri varðandi erfðafestugjald af býlum þeirra.

5. Samþ. að gefa Sigrúnu S. Bjarnar kost á leigulöndum þeim, sem hún hefir sótt um, sbr. 4. lið fundargerðar 20. jan., fyrir 130 króna ársleigu pr. ha.

6. Bæjarráðið samþykkir fyrir sitt leyti þá breytingu á áætlun strætisvagnanna, að fyrsta ferð Sundlaugavagnsins að Lækjartorgi verði kl. 12.25 í stað kl. 12.20.

7. Bæjarráð samþykkir, að Landssamband iðnaðarmanna beiti sér fyrir iðnsýningum þeim, sem bæjarsjóður styrkir samkv. fjárhagsáætlun.

8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

9. Lögð fram skýrsla um störf Ráðningarstofunnar í janúar.

10. Lögð fram skýrsla um rekstur Sundhallarinnar árið 1938.

11. Samþ. að gefa Karli Kristjánssyni forstjóra kost á lóðinni nr. 67 við Víðimel.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Guðm. Eiríksson H.H. Eiríksson
Jakob Möller Bjarni Benediktsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 24. febr. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram beiðni frá Tryggva Guðmundssyni um leyfi til að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Vatnagarðabletti II. - Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

2. Lagt fram bréf frá Slippfélaginu þar sem þess er óskað, að framlengd verði heimild félagsins til þess að starfrækja dráttarbrautir og skipaviðgerðir á lóð félagsins við Mýrargötu. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

3. Lögð fram og samþykkt tillaga rafmagnsstjóra um tilraunataxta fyrir sölu á rafmagni til upphitunar.

4. Lögð fram tillaga Jónasar Jónssonar, sem samþ. var á bæjarstjórnarfundi 16. þ.m. Falið Einari Sveinssyni húsameistara til athugunar.

5. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

6. Lagt fram bréf frá Eggert Claessen hrm. f.h. h/f Kol & Salt, þar sem hann krefst endurgreiðslu á ofgreiddu fasteignagjaldi af húsi félagsins.

7. Lagt fram bréf frá mæðrastyrksnefndinni viðvíkjandi skilyrðum fyrir útborgun á styrk til nefndarinnar. - Bæjarráðið telur eðlilegt að leitað sé til allra kvenfélaga í bænum um þáttöku í skipun nefndarinnar og að þau fái öll jafna fulltrúatölu í stjórn hennar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Jakob Möller   Stefán Jóh. Stefánsson
Bjarni Benediktsson   Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, þriðjudaginn 28. febr. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram að nýju tilboð í brunatryggingar á húseignum í bænum. - Samþ. að leggja til við bæjarstjórn, að bæjarráðinu verði falið að semja um tryggingarnar við Sjóvátryggingafélag Íslands h/f. á grundvelli tilboða félagsins, dags. 9. des. 1938.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Jakob Möller Stefán Jóh. Stefánsson
Guðm. Eiríksson Gunnar Thoroddsen
Bjarni Benediktsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 3. mars. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leigja Geirlaugi Barðarsyni Skeggjagötu 15, lóðina nr. 15 við Flókagötu, enda afsalar hann sér jafnframt lóðunum nr. 22 og 24 við Mánagötu.

2. Samþ. að leigja O. Johnson & Kaaber h/f ca. 4000 ferm. lóð til verksmiðjureksturs við Skúlagötu, fyrir norðan lóð Skúla Thorarensen, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings og gegn venjulegum leiguskilmálum.

3. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 36 við Gunnarsbraut við Þorgrím Gíslason lögregluþjón.

4. Bæjarráð ákveður ársleigu af lóð, er fylgir Rauðarárshúsinu, 5 % af fasteignamati lóðarinnar, sem er kr. 7800,00.

5. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að leyfa Tryggva Guðmundssyni að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Vatnagarðabletti II.

6. Lagt fram bréf frá póst- og símamálastjórninni þar sem þess er óskað, að ákveðið verði sem fyrst byggingarskipulag á lóð gamla Reykjavíkurapóteks. Vísað til skipulagsnefndar.

7. Samþ. að mæla með umsókn Hólmfríðar Þorláksdóttur um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.

8. Erindi póst- og símamálastjórnarinnar um ferðaáætlun strætisvagna á leiðinni Reykjavík - Lögberg falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

9. Lagt fram bréf frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands um lóð undir stýrimannaskóla. - Bæjarráðið mælir með því, að látin verði í té ókeypis lóð undir skólann í Skólavörðuholtinu. - Stefán Jóh. Stefánson óskaði bókað, að hann sæi ekki ástæðu til þess, þar sem skólanum stæði til boða ókeypis lóð á heppilegri stað.

10. Lagðar fram fundargerðir heilbrigðisnefndar frá 13. og 24 febr.

11. Lagðar fram umsóknir Halldórs Jónssonar og Árna Jónssonar um leyfi til að halda áfram rekstri knattborðsstofa. Falið heilbrigðisnefnd til umsagnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Lagt fram bréf frá trúnaðarráði Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þar sem mótmælt er fækkun í atvinnubótavinnunni.

13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

14. Lagt fram bréf frá Eiríki Þorsteinssyni þar sem hann biður um 1000 - 1200 króna lán úr bæjarsjóði til að byggja loðdýra og fuglahús á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti 44.

15. Samþ. að fela borgarritara að selja húseignina nr. 24 við Fálkagötu.

16. Lagt fram bréf frá mæðrastyrksnefndinni um greiðslu á styrk til nefndarinnar. - Bæjarráðið ítrekar fyrri samþykkt sína um málið.

17. Boðinn forkaupsréttur að 3 hektörum úr erfðafestulandinu Kaplaskjólsmýri 8, fyrir kr. 12000,00.- Hafnað.

18. Synjað beiðni frá Jóni Arinbjörnssyni um að fallið verði frá að innheimta útsvar hans samkv. úrskurði fógetaréttar 2. mars.

19. Bæjarráðið getur ekki fallist á að verða við beiðni Sveins Ó. Guðmundsonar, Frakkastíg 11, um eftirgjöf á útsvarsskuld.

Fleira ekki gert.
Fundli sltið.

Tómas Jónsson
Bjarni Benediktsson   Stefán Jóh. Stefánsson
Helgi H. Eiríksson   Guðm. Eiríksson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, þriðjudaginn 7. mars. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Formaður stjórnar Sjóvátryggingafélags Ísland h/f, Halldór Kr. Þorsteinsson, og framkvæmdastjóri félagsins, Brynjólfur Stefánsson komu á fundinn og ræddu við bæjarráðið um væntanlegan samning milli bæjarsjóðs og félagsins um brunatryggingar húseigna í bænum. Frumvarp að samningi um tryggingarnar var lagt fram og samþ. með shlj. atkv.

Fleira ekki gert.
Fundi sltið.

Tómas Jónsson
Jakob Möller Bjarni Benediktsson
Guðm. Eiríksson Stefán Jóh. Stefánsson
Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 10. mars. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lagðar fram og samþykktar reglur um leigugarða bæjarins.

2. Lagður fram úrskurður atvinnu- og samgöngurmálaráðuneytisins um greiðslu fasteignaskatts af nokkrum samkomuhúsum.

3. Lagt fram bréf frá Niels P. Dungal þar sem hann fer þess á leit, að fasteignagjöld af rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg verði felld niður. - Ákveðið að leita úrskurðar atvinnumálaráðuneytisins.

4. Samþ. að gefa Hjálmari Guðmundssyni, Þórsgötu 21, kost á lóðunum nr. 22 og 24 við Mánagötu.

5. Synjað beiðni frá Gunnari Gunnarssyni, Laugavegi 147, um erfðafestuland ofan við Skeiðvöllinn við Elliðaár.

6. Lögð fram beiðni frá Ásgeiri Val Einarssyni, Njálsgötu 69, um leyfi til að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu, Krossamýri X.- Vísað til erfðafestuskilmála.

7. Lögð fram beiðni frá Þorsteini S. Kjarval um leyfi til að selja harðfisk á götum bæjarins. - Bæjarráðið samþ. með 3:1 atkv. að veita leyfið fyrir sitt leyti.

8. Lögð fram skýrsla um aðsókn að Sundlaugunum árið 1938.

9. Lögð fram áskorun frá eigendum smábáta, er ganga til hrognkelsaveiða, um að bátunum verði séð fyrir öruggum stað í höfninni. - Vísað til hafnarstjórnar með tilmælum um, að hún verði við áskoruninni.

10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

11. Lagt fram bréf frá hinu íslenska steinolíufélagi um greiðslu vatnsskatts af vatnshönum.

12. Lagt fram bréf frá Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur þar sem þess er óskað að lokunartíma sölubúða verði breytt þannig, að sölubúðum verði lokað kl. 6. e.h. á föstudögum á tímabilinu 15. sept. til 15. maí.

13. Synjað beiðni frá Eiríki Þorsteinssyni, Brunnstíg 10, um 1000-1200 króna lán úr bæjarsjóði til þess að byggja loðdýra og fuglahús.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lögð fram að nýju krafa Eggerts Claessen hrm., f.h. Kol & Salt h/f, um endurgreiðslu á fasteignagjöldum. - Falið borgarritari til afgreiðslu.

15. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að láta gera girðingu og hlið norðan við leiksvæði miðbæjarbarnaskólans.

16. Útsvarsmál: Arnold Pétursson, Vífilsg. 13. Atli Eiríksson, Lokastíg 23. Eiríkur Ormsson rafvirkjameistari. Daníel V. Fjeldsted, Hverf. 46. Freygarður Þorvaldsson, Vest. 44. Einar Einarsson, Lind 34.Guðmundur Halldórsson, Nýl. 20 Guðmundur Þorsteinsson, Bergþ. 41. Guðrún Ó. Eyjólfsdóttir, Freyj. 47. Eyjólfur Ólafsson, Veghúsast. 1. H/f Ísbjörninn. Jón Helgason, Grett. 44 A. Jón Sigurðsson, Ing. 16. Jón Ragnar Þorsteinsson, Lok. 16. Jónas Jónasson, Öldug. 8. Kristján Jónsson, Ljósv. 28. Magnús Vigfússon, Bókhl. 11. Cæsar Mar, kaupm., Maríus Helgason, Ásv. 9., Ólafur A. Guðmundsson kaupm., Sigurþór Eiríksson, Trað. 3, Sigríður Erlingsdóttir, Skól 37., Sigurjón Egilsson, Grettis. 65., Guðjón J. Guðjónsson, Þorbjörn G. Bjarnason., S/f Freyja., Þorsteinn Brandsson, Ásv. 17., Emil Thoroddsen píanóleikari.,Guðjón Vigfússon, Grjót. 4.

Fleira ekki gert.
Fundi sltið.

Tómas Jónsson
Guðm. Eiríksson H. H. Eiríksson
Stefán Jóh. Stefánsson Bjarni Benediktsson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 17. mars. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulöndunum Fossvogsbletti 46 og 50 fyrir kr. 3500,00. Hafnað.

2. Lögð fram beiðni frá Þorsteini Eiríkssyni og Bjarna Jóhannessyni, um leyfi til að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Laugarásvegi 10.

3. Lögð fram umsókn um lóðina nr. 81 við Hringbraut frá Einari Magnússyni kennara. Ákveðið að láta ekki lóðina fyrr en gengið er frá yfirmati um landið.

4. Samþ. að leigja Markúsi Guðmundssyni, Klapparstíg 14, land til kartöfluræktar úr Kaupmannstúni eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

5. Lagt fram bréf frá Skipulagsnefnd um byggingu á lóðinni nr. 26 við Hverfisgötu.

6. Lagt fram bréf frá Skipulagsnefnd um fyrirhugaðan flugvöll í Vatnsmýrinni.

7. Lagt fram bréf frá Olíuverzlun Íslands h/f.um vatnsskatt af vatnshönum.

8. Samþ. að leggja til, að Aðaldælahreppi verði gefin eftir 10% af skuld hreppsins við bæjarsjóð pr. 31/12 '38.

9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

10. Lögð fram skýrsla um rekstur Ráðningarstofunnar í febrúar.

11. Samþ. að leggja til, að Barðastrandahreppi verði gefin eftir 50% af skuld hreppsins við bæjarsjóð pr. 31/12 ´38.

12. Samþ. að leggja til, að mælt verði með umsókn Ísleifs Briem verzlunarm. um uppreisn æru.

13. Samþ. að leggja til, að mælt verði með umsókn Jóns Levý Guðmundssonar Gullsm. um uppreisn æru.

14. Lögð fram fyrirspurn frá Sigurði Sigurðssyni berklayfirlækni um hvort leyfð muni verða tvílyft sambygging við Túngötu, á lóðunum nr. 7 og 9. Vísað til byggingarnefndar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Samþ. að gefa Þorleifi Helga Eyjólfssyni byggingameistara kost á lóðunum nr. 28 og 30 við Rauðarárstíg.

16. Útsvarsmál. Geir Jón Jónsson db., Valmundur Þorsteinsson, Njarð. 39. Eufemía Waage. Guðrún Ö. Stephenssen. Ólafur Kristjánsson, Grett. 68. Ólafur Þ. Ögmundsson, Óð. 22. Páll M. Ólafsson múrari.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson
Bjarni Benediktsson Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 24. mars. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram beiðni frá Jóni Sveinssyni um skiptingu á erfðafestulandinu Þormóðsstaðabletti við Þormóðsstaðaveg. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

2. Samþ. að leyfa Þorsteini Eiríkssyni og Bjarna Jóhannssyni að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Laugarásbletti XIX.

3. Samþ. að leyfa Birni L. Gestssyni að leggja fugla- og gripahús úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XLII.

4. Lagt fram bréf frá Málfundafélaginu Óðni, þar sem þess er óskað, að félaginu verði leigt ca. 10 ha. land til garðræktar. - Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

5. Lögð fram beiðni um lóðir undir 10 -12 smáhýsi norðanvert við Háteigsveg. - Vísað til bæjarverkfræðings og skipulagsnefndar.

6. Lögð fram beiðni frá Jóni Þorleifssyni, Breiðholti, um framlengingu á leigutíma um land það, er hann hefir á leigu til slægna og beitar. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

7. Lagt fram bréf frá sóknarnefnd og prestum dómkirkjusafnaðarins um byggingu kirkju á Skólavörðutorginu. Vísað til bæjarverkfræðings og skipulagsnefndar.

8. Samþ. að mæla með því við bæjarstjórn, að félaginu Ingólfi verði veittur allt að 2500 króna styrkur til útgáfu rits í tilefni af 100 ára afmæli byggingarnefndar Reykjavíkur.

9. Lögð fram beiðni frá Jens Benediktssyni, Grundarstíg 3, um styrk úr bæjarsjóði til þess að kynna sér störf heilbrigðislögreglu. - Vísað til heilbrigðisnefndar til umsagnar.

10. Lögð fram beiðni frá Knattspyrnufélagi Reykavíkur um 1500 króna styrk til þess að senda úrvalsflokk kvenna á fimleikamót í Danmörku.

11. Samþ. að mæla með því, að afmælisnefnd Sambands íslenzkra barnakennara fái endurgjaldslaust húsnæði í Miðbæjarbarnaskólanum fyrir skólasýningu vegna 50 ára afmælis sambandsins. Jafnframt var frestað að taka ákvörðun um beiðni frá Iðnaðarmannafélaginu um húsnæði í skólanum fyrir iðnsýningu, og ákveðið að fá nánari upplýsingar frá félaginu um sýninguna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

13. Erindi frá Hannesi Jónssyni um vinnuúthlutun til Sveinbjarnar sonar hans, vísað til Ráðningarstofunnar til umsagnar.

14. Samþ. að gefa Viðari Thorsteinssen kost á lóðinni nr. 63 við Bergþórugötu.

15. Samþ. að gefa Ragnari Lövdahl kost á lóðunum nr. 87 við Njálsgötu og nr. 42 við Hringbraut.

16. Samþ. að gefa Þorbirni G. Bjarnassyni kost að lóðinni nr. 40 við Hringbraut.

17. Samþ. að gefa Einari Guðmundssyni Berg. 67, kost á lóðunum nr. 48 og 50 við Hringbraut.

18. Samþ. að gefa Snorra Halldórssyni Óð. 32 b og Birni Jónssyni, Grett. 43, kost á lóðunum nr. 24 og 26 við Rauðarárstíg.

19. Samþ. að gefa Jóhannesi Kristjánssyni, Sólv. 2, kost á lóðinni nr. 58 við Reynimel.

20. Samþ. að gefa Ingólfi Guðmundssyni Seljav. 3 a., kost á lóðunum nr. 50 og 52 við Víðimel.

21. Samþ. að gefa Stefáni Einarssyni, Víðimel 62, kost á lóðinni nr. 193 við Hringbraut.

22. Samþ. að gefa Magnúsi Þorsteinssyni Lind. 4, kost á lóðinni nr. 71 við Víðimel.

23. Lögð fram tillaga frá síðasta bæjarstjórnarfundi um c - vítamínrannsókn á mjólk, sem seld er í bænum. - Falið borgarritara til afgreiðslu.

24. Rætt um frumvarp að samþykkt um laun starfsmanna Reykjavíkurbæjar.

Fleira ekki gert.
Fundi sltitið.

Tómas Jónsson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson
Bjarni Benediktsson Stefán Jóh. Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1939, föstudaginn 31. mars. kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti 54 fyrir kr. 1200,00. - Hafnað.

2. Lögð fram beiðni frá Guðmundi Ólafssyni, Tungu, um leiguland undir kálgarð. - Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

3. Synjað umsókn Guðjóns Sigurðssonar Barónsstíg 63, um leigulóðirnar nr. 17 og 19 við Karlagötu.

4. Leigutími um lóð hanskaverksmiðjunna Rex ákveðinn 30 ár.

5. Lagt fram bréf frá ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar um vinnuúthlutun til Sveinbjarnar Hannessonar.

6. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

7. Lögð fram tilkynning frá Verkamannafélaginu Dagsbrún um tilnefningu trúnaðarmanna á nokkrum vinnustöðvum bæjarins.

8. Rætt um frv. að samþykkt um laun starfmanna Reykjavíkurbæjar. Lagðar fram og samþykktar nokkrar breytingartillögur við frv. , en tillaga frá Bjarna Beneditkssyni og Jóni Axel Péturssyni um að frv. skuli öðlast gildi frá 1. jan 1939, að svo miklu leyti, sem við verður komið, var felld með 3:2 atkv. Ákveðið að leggja til að frv. skuli öðlast gildi 1. apríl 1939, að svo miklu leyti, sem við verður komið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson

Jakob Möller  Helgi H. Eiríksosn

Bjarni Benediktsson  Jón Axel Pétursson

Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 14. apríl kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Vatnsmýrarbletti XIV fyrir kr. 30.000,00. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti 30 fyrir kr. 6000,00. Hafnað.

3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti 41 fyrir kr. 6000,00. Hafnað.

4. Samþ. að leyfa Árna Þ. Árnsyni Ingólfsstræti 20, að byggja viðbótarbyggingu úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XX.

5. Samþ. að leyfa Magnúsi Þorgeirssyni, Laugavegi 4, að byggja viðbótarbyggingu úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti 33.

6. Lagt fram mat lóðamatsnefndar á leigu eftir lóð hanskaverskmiðjunnar Rex.

7. Samþ. að heimila borgarstjóra að gefa Teiti Magnússyni, Sólvallagötu 3, kost á leigulóðinni nr. 26 við Mánagötu.

8. Samþ. að heimila borgarstjóra að gefa Hákoni Jónassyni, Karlagötu 12, kost á leigulóðinni nr. 12 við Skarphéðinsgötu.

9. Samþ. að lengja leigutíma um lóð Björns Benediktssonar á gatnamótum Holtsgötu og Hringbrautar úr 20 árum í 30 ár.

10. Lagðar fram tillögur rafmagnsstjóra til viðbótar á gjaldskrá Rafmagnsveitunnar, um sumarhitun á skrifstofum, verzlunum og verkstæðum. - Frestað.

11. Lögð fram tillaga rafmagnsstjóra um 10% hækkun á gjaldskrá rafmagnsveitunnar vegna gengisbreytingar.

12. Lögð fram beiðni frá Magnúsi, Engjabæ við Holtaveg, um leiguland í Elliðavatnslandi. - Falið rafmagnsstjóra til athugunar.

13. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um byggingu spennistöðvar í Eiðslandi. Falið rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

14. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um aukningu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitunnar.

15. Lögð fram beiðni frá Búnaðarsambandi Kjalarnesþings um 300 króna styrk úr bæjarsjóði. - Vísað til bæjarstjórnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lögð fram tilkynning frá atvinnumálaráðuneytinu um að ráðuneytið hafi skipað Sigurvin Einarsson kennara formann vinnumiðlunarskrifstofunnar í Reykjavík til ársloka 1942 og til vara Kristjón Kristbjörnsson skrifstofumann.

17. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

18. Lögð fram beiðni frá Skúla Þorsteinssyni og Sigurði Helgasyni kennurum um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir 6400 króna láni, er þeir ætla að taka úr lífeyrissjóði barnakennara. - Vísað til bæjarstjórnar.

19. Lögð fram beiðni frá Vigfúsi Sigurgeirssyni og Sigurði Tómassyni um leyfi til að sýna opinberlega mjófilmur gegn aðgangseyri hér í bænum.

20. Samþ. að gefa þessum mönnum kost á eftirtöldum lóðum:

a. Þorkell Ingibergsson, Egilsgötu 14, fái nr. 1. við Kjartansgötu.
b. Ellert Magnússon, Hringbraut 73, fái nr. 3 við Kjartansgötu.
c. Þorleifur Helgi Eyjólfsson fái nr. 9 við Kjartansgötu.
d. Zophónías Snorrason, Leifsgötu 23, fái nr. 4 við Kjartansgötu.
e. Guðjón Vigfússon og Magnús Vigfússon, Bókhlöðustíg 11, fái nr. 18 við Hringbraut.
f. Einar Sveinsson, Víðimel 58, fái nr. 63 við Víðmel.
g. Ólafur Theódórs fái nr. 68 við Víðimel.
h. Karel Gíslason, Vífilsgötu 9, fái nr. 61 við Víðimel.
i. Ingibergur Þorkelsson, Bjarkargötu 10, fái nr. 64 við Víðmel.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson
Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1939, föstudaginn 21. apríl kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsréttur að hálfu erfðafestulandinu Kaplaskjólsmýri 3 fyrir kl. 8000,00. - Hafnað.

2. Boðinn forkaupsréttur að þeim hluta erfðafestulandsins Sogamýrarbletti 23, sem ekki hefir verið tekinn úr erfðafestu. - Hafnað.

3. Lögð fram beiðni frá Karli Jónssyni frá Mörk um land undir matjurtagarð við Kaplaskjólsveg. - Falið bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.

4. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Krossamýrarbletti 4 fyrir kr. 30,00. - Hafnað.

5. Lögð fram beiðni frá Þorsteini Þorsteinssyni f.h. Litlu-Bílstöðvarinnar um lóð fyrir bifreiðastæði austan við bifreiðastöðina Geysi við Kalkofnsveg. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

6. Bæjarverkfræðingi falið að gera tillögur um skiptingu Árbæjarlands til almenningsnota.

7. Samþ. að leigja Jóni Þorleifssyni, Breiðholti, í eitt ár, landsspildu úr Breiðholtslandi, er hann hafði síðasliðið ár.

8. Samþ. að afhenda land undir stækkun kirkjugarðsins í Fossvogi eftir útvísun bæjarverkfræðings.

9. Samþ. að framlengja til 1. okt. n.k. leyfi Axels Magnússonar til þess að reka veitingar í húsinu nr. 5 við Austurstræti.

10. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar frá 15. þ.m.

11. Samþ. með 4:1 atkv. að mæla með beiðni Valdimars Kr. Árnasonar um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir 5000 króna láni til flókagerðar.

12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna þann 19. þ.m.

13. Lagt fram erindi frá stjórn A.S.B. um breytingar á reglugerð um lokunartíma sölubúða í Reykjavík. - Ákveðið að fá umsögn Bakarameistarafélagsins og Bakarasveinafélagsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lagt fram erindi Jóhannesar Jósefssonar viðvíkjandi rekstri Hótel - Borg.

15. Samþ. að gefa Þorleifi Helga Eyjólfssyni kost á leigulóðunum nr. 36 og 38 við Rauðarárstíg og jafnframt afsalar hann sér lóðunum nr. 28 og 30 við sömu götu. Lóðunum nr. 36 og 38 hefir fyrri leigutaki, Erlendur Einarsson, afsalað sér.

16. Samþ. að gefa þessum mönnum kost á eftirtöldum lóðum:

a. Sigurður Ó. Jónsson, Vald. 4, fái Kjartansgötu 10.
b. E. Lövdal, Karlagötu 15, fái Kjartansgötu 7.
c. Steinn Júl. Árnason, Karlagötu 24, fái Mánagötu 10 og 12, enda hafa Una Pétursdóttir og Axel R. Kristjánsson afsalað sér leigurétti á þeim lóðum.
d. Einar Guðmundsson, Berg. 67, fái Njálsgötu 8b, enda hefir hann afsalað sér lóðunum nr. 48 og 50 við sömu götu.

17. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 13. þ.m., viðvíkjandi rekstrareikningi Sogsvirkjunarinnar árið 1938. Þar sem reglugerð fyrir Sogsvirkjunina hefir ekki verið staðfest eða gjaldskrá sett, samþykkir bæjarráðið að söluverð rafmagns frá Sogsvirkjun árið 1938 verði ákveðið samsvarandi rekstrarkostnaði fyrirtækisins að meðtöldum vaxtagreiðslum, en frádregnum afborgunum af föstu lánum.

Fleira ekki gert.
Fundi sltitið.

Tómas Jónsson
Jakob Möller Bjarni Benediktsson
Helgi H. Eiríksson Jón Axel Pétursson
Guðmundur Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1939, föstudaginn 28. apríl kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Teknar ákvarðanir um skipun fastra starfsmanna hjá bæjarsjóði og bæjarstofnunum. Skrá yfir starfsmennina verður færð inn á eftir fundargerðinni.
2. Beiðni frá Ásgeiri Þorlákssyni trésm., um erfðafestuland, falin bæjarverkfræðingi til athugunar.
3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti 13 fyrir kr. 23.500,00. - Hafnað.
4. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogabletti VI fyrir kr. 12.000,00. - Hafnað
5. Boðinn forkaupsréttur að 1/2 erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXIX fyrir kr. 8.500,00. - Hafnað.
6. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 14 við Skeggjagötu við Guðbjörn Hansson lögregluþjón. Zophonías Snorrason hefir afsalað sér lóðinni.
7. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.
8. Lagt fram bréf frá stjórn Verkamannfélagsins Dagsbrún þar sem þess er óskað, að skipulagsskrá styrktarsjóðs verkamanna og sjómannafélaganna í Reykjavík verði breytt.
9. Lagðar fram beiðnir frá Aðalstöðinni, Litlu - Bílastöðinni, bifreiðastöðinni Heklu og Bifreiðastöð Reykjavíkur um að leyft verði að reka stöðvarnar áfram á sömu stöðum og áður. - Vísað til lögreglustjóra til umsagnar.
10. Samþ. að mæla með því að Skáksambandi íslands verði veittur styrkur úr bæjarsjóði til að senda flokk fimm manna á alþjóðaskákþing, sem haldið verður í Buenos Aires í júlímánuði n.k.
11. Samþ. að gefa Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur kost að lóðunum nr. 187 og 189 við Hringbraut.
12. Samþ. að gefa Ellert Magnússyni, Hringbraut 73, kost á lóðinni nr. 5 við Auðarstræti. Jafnframt afsalar hann sér lóðinni nr. 3 við Kjartansgötu.
13. Synjað að svo stöddu um skiptingu á erfðafestulandinu Þormóðsstaðabletti.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson
Bjarni Benediktsson Jón Axel Pétursson
Stefán Jóh. Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Á fundi bæjarráðs 28. apríl 1939 voru þessir menn skipaðir fastir starfsmenn frá 1. apríl s.l.

1. Jón B. Jónsson, yngri, bókari á bæjarskrifstofum. Taki laun eftir VII flokki.
2. Þorsteinn Guðjónsson, sendimaður á bæjarskrifstofum. Taki laun eftir IX flokki.
3. Sigrún Jónsdóttir, kvenskrifari á bæjarskrifstofunni. Taki laun eftir XIII flokki.
4. Jakobína Jósefsdóttir, kvenskrifari á bæjarskrifstofum. Taki laun eftir XIII flokki.
5. Margréf H. Thoroddsen, kvenskrifari á bæjarskrifstofum. Taki laun eftir XII flokki.
6. Elísabet Jónsdóttir, kvenskrifari á bæjarskrifstofum. Taki laun eftir XII flokki.
7. Ólafur Sveinbjörnsson, fulltrúi á bæjarskrifstofum. Taki laun eftir IV flokki.
8. Kristinn Kristjánsson, umsjónarmaður við innheimtu á bæjarskrifstofum. Taki laun eftir VI flokki.
9. Lárus Hansson, innheimtumaður. Taki laun samkv. samþ. bæjarstjórnar, kr. 400,00 á mánuði.
10. Ólafur Ingimundsson, innheimtumaður. Taki laun eftir VIII flokki.
11. Kristján Þorsteinsson, innheimtumaður, taki laun eftir VIII flokki.
12. Eyjólfur Gíslason, innheimtumaður. Taki laun eftir IX flokki.
13. Guðmundur Guðmundsson, innheimtumaður. Taki laun eftir IX flokki.
14. Ólafur Halldórsson, innheimtumaður. Taki laun eftir IX flokki.
15. Jón Daníelsson, sendimaður á bæjarskrifstofum. Taki laun eftir IX flokki.
16. Stefán Björnsson, sendimaður á bæjarskrifstofum. Taki laun eftir IX flokki.
17. Guðlaug S. Jónsdóttir, kvenskrifari á bæjarskrifstofum. Taki laun eftir XIII flokki.
18. Þorlákur Jónsson, skrifari á Raðningarstofu. Taki laun eftir VIII flokki.
19. Guðrún Zöega, kvenskrifari á Ráðningarstofu. Taki laun eftir XIII flokki.
20. Lára Pálsdóttir, skrásetjari við Bæjarbókasafn. Taki laun eftir XII flokki.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 5. maí, kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Synjað Beiðni frá Ólafi Hólm Einarssyni gasvirkja um að honum verði greidd laun eftir VII launaflokki.

2. Samþ. að segja Ágústi Ólafssyni, innlagningamanni hjá Gasstöðinni upp starfi hans nú þegar.

3. Samþ. að skipa Björn Kristjánsson bifreiðastjóra hjá Gasstöðinni og Tómas Magnússon aðstoðarkyndari frá 1. apríl s.l. Taka báðir laun eftir 9. launaflokki.

4. Lagt fram bréf frá Pétri Magnússyni hrm. þar sem hann fer þess á leit f.h. Ingibjargar Jakobsdóttur, að hún fái leigulóð úr erfðafestalandinu Vatnsmýrarbletti 3 undir húsið Bólstað, og býður jafnfram forkaupsrétt að erfðafestulandinu. - Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

5. Lögð fram beiðni frá Sveinafélagi húsgagnasmiða í Reykjavík um land til garðræktar. - Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

6. Lögð fram beiðni frá Útvegsbanka Íslands h/f um leyfi til að starfrækja loðdýrabú á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti 5. - Bæjarráðið vill veita leyfið fyrir sitt leyti.

7. Lagt fram bréf frá Búnaðarfélagi Íslands um erfðafestuskilmála á ræktunarlöndum í lögsagnarumdæminu.

8. Sam. að leigja Hestamannafélaginu Fák Geldinganes og Breiðholtsgirðingu til hagbeitar í sumar, með sömu kjörum og áður, enda haldi félagið við, á eigin kostnað, girðingum um löndin.

9. Synjað beiðni frá stjórn Stúdentagarðsins um eftirgjöf á fasteignagjöldum af Stúdentagarðinum.

10. Lögð fram beiðni frá Guðvarði Jakobssyni um hjálp til þess að kaupa vöruflutningabifreið. - Bæjarráð vill ekki mæla með erindinu.

11. Lögð fram tillaga skólanefndanna, sbr. 3. lið fundargerðar 11. apríl, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær.

12. Lagt fram bréf frá skattstjóra viðvíkjandi störfum niðurjöfnunarnefndar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Lögð fram tillaga Héðins Valdimarsonar, um breytingar á reglugerð fyrir styrktasjóð verkamanna- og sjómannafélaganna, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær.

14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

15. Synjað umsóknum frá Stefáni Gíslasyni og Helga Kristjánssyni um byggingarlóðir í Skildinganeshólum.

16. Samþ. að gefa Einari Kristjánssyni, Freyj. 37, og Kristjáni Sveinssyni, Öld. 9, kost á lóðinni nr. 191 við Hringbraut.

17. Samþ. að gefa Magnúsi Oddsyni, Gunnarsbraut 38, kost á leigulóðinni nr. 50 við Hringbraut.

18. Samþ. að gefa Hjálmari Guðmundsyni, Þórsgötu 21, kost á leigulóðinni nr. 48 við Hringbraut jafnframt afsalar hann sér lóðunum nr. 22 og 24 við Mánagötu.

19. Lagt fram bréf frá Kjartani Guðmundssyni og Nóa Kristjánssyni viðvíkjandi starfi þeirra.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Jakob Möller Helgi H. Eiríksson
Bjarni Benediktsson Jón Axel Péturson
Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, þriðjudaginn 9. maí, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

Borgarstjóri lagði fram brjef dags. 28. apríl þ.á. frá A.S. Höjgaard &Schultz København með tilboði um að firmað leggi hitaveitu frá Reykjum í Mosfellssveit til Reykjavíkur og um bæinn, sumpart í ákvæðisvinnu og sumpart eftir reikningi - og leggi fram fje til fyrirtækisins er verði endurgreitt af tekjum þess á 8 árum eftir að áætlað er að fyrirtækið taki til starfa.

Þá var lagt fram brjef frá bæjarverkfræðingi dags. í dag með skýrslu um utanför hans og aðdraganda þess að tilboð A.S. Höjgaard & Schultz er fram komið.

Borgarstjóra og bæjarverkfræðingi var falið að skýra ríkisstjórninni og stjórn Landsbankans frá tilboðinu og ræða við þessa aðila um möguleika fyrir því að fullnægja megi ýmsum skilyrðum sem þar eru sett.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Bjarni Benediktsson Helgi H. Eiríksson
Guðm. Eiríksson Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 12. maí, kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Rætt um hitaveitumálið þ.á.m. drög að löggjöf sem nauðsynlegt yrði að setja ef úr framkvæmdum verður.

2. Samþ. að leyfa Guðbjarti Torfasyni að byggja fuglahús úr vikursteini á erfðafestulandi Sogamýrarbl. XXVI.

3. Samþ. að leyfa Ársæli Kjartanssyni að bráðabirgðaskúr úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXIII.

4. Lagt fram brjef frá h.f. Fiskimjöl dags. 25. f.m. varðandi lækkun á rafmagnsverði til verksmiðju fjelagsins á Kletti ásamt eftirriti af brjefaskiftum fjelagsins við rafmagnsstjóra um það mál. Bæjarráð fellst á skoðanir rafmagnsstjóra í málinu og vísar því til hans til afgreiðslu.

5. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra dags. 3. þ.m. um sölu rafmagnseldavjela hjer í bænum árin 1937- 1938.

6. Synjað beiðni um skiftingu erfðafestulandsins Kleppsmýrarbletti III.

7. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Gunnarsbraut 32 við Ragnar Bjarkan fulltrúa.

8. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti III fyrir kr. 10500. - Hafnað.

9. Synjað beðni frá A. Bridde Bárug. 8 um erfðafestuleigu á landi við Elliðaár.

10. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XVII.

11. Bæjarráð ákveður með 4:1 atkv. að ekki verði tekin lóðarleiga af leikvelli sem fyrirhugaðar er á lóð verkamannabústaðanna á milli Ásvallagötu, Hofsvallagötu, Hringbrautar og Brávallagötu. Jón A. Pjetursson vildi einnig undanþiggja lóðarleigu gangstíg frá Brávallagötu að baki húsanna við Hringbraut og annan gangstíg á milli Ásvallagötu og Hringbrautar.

12. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar dags. 6. þ.m. um skipulag á Skólavörðutorgi. Bæjarráð er samþykkt tillögu nefndarinnar um að ætla kirkju stað á torginu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Samþ. að gefa hjúkrunarfjel. Líkn kost á lóðinni nr. 7 við Túngötu undir heilsuverndarstöð, enda samþykki bæjarráð stærð hússins og staðsetningu.

14. Synjað erindi Vilhjálms Stefánssonar Fálkagötu 24 viðv. kaupum á þeirri húseign.

15. Lagt fram brjef frá ráðuneyti forsætisráðherra viðv. boði borgarstjórnarinnar í Stokkhólmi til alþjóðaráðstefu um húsbyggingar og bæjarskipulagsmál í júlímán. næstk. Sömul. lagt fram brjef Skipulagsnefndar um sama efni. Falið borgarstjóra til athugunar.

16. Lagt fram brjef frá Bakarameistarfjelagi Reykjavíkur dags. 11. þ.m. með umsögn um beiðni A.S.B. um breytingar á reglugerð um lokunartíma brauðsölubúða. Sömuleiðis lagt fram brjef frá Bakarasveinafjelagi Íslands dags. 6. þ.m. um sama efni.

17. Lagt fram brjef frá Jóni Halldórssyni Freyjug. 27 A með beiðni um að honum verði ákveðin laun eftir VIII launaflokki. Ákveðið að fá umsögn gasstöðvarstjóra um erindið.

18. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 11. þ.m.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Jakob Möller Bjarni Benediktsson
Helgi H. Eiríksson Guðm. Eiríksson
Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 19. maí, kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram beiðni frá Guðmundi Friðrikssyni, Laug. 91 A, um erfðafestuland við Elliðaár.

2. Lögð fram beiðni frá Hákoni Guðmundssyni, Leifsg. 27, um erfðafestuland úr Ártúnstúni.

3. Samþ. að leigja Mangúsi Guðmundssyni, Stafholti í Sandgerði, blett úr Sauðagerðislandi í sumar, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

4. Lagt fram bréf frá Sigurði Þorsteinssyni f.h. Sigrúnar S. Bjarnar, þar sem hann samþykkir leigumála á Rauðarártúni með viðauka.

5. Lagt fram bréf frá skipulagsnefndinni þar sem þess er óskað, að ekki verði úthlutað til bygginga nýjum lóðum á Melasvæðinu og í Sunnuhvolsholti nema í samráði við nefndina.

6. Samþ. að láta afgirða krókinn milli húsanna nr. 18 og 20 við Hafnarstræti.

7. Bæjarráðið ákveður að banna veitingasölu í húsinu nr. 6 við Túngötu og biðja lögreglustjóra að gera þegar í stað ráðstafanir til að loka veitingastofu þeirri, sem þar er nú.

8. Lagt fram bréf frá Félagi járniðnaðarmanna þar sem það skorar á bæjarráð að verða við umsókn Slippfélagsins um lóðir fyrir aukið skipauppsátur.

9. Lögð fram tillaga Soffíu Ingvarsdóttur frá bæjarstjórnarfundi í gær um eftirlitsmann með leigugjörðum. - Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

10. Lögð fram tillaga Einars Olgeirssonar frá bæjarstjórnarfundi í gær, um að atvinnubótavinnunni verði haldið áfram.

11. Lögð fram tillaga Sigurðar Jónassonar um hitaveitumálið, frá bæjarstjórnarfundi í gær.

12. Lagt fram bréf frá Höjgaard & Schults A/S dags. 15. maí, um hitaveitumálið.

13. Samþ. að gefa Stangaveiðifélaginu kost á laxveiðirétti í Elliðaánum í sumar fyrir kr. 3500,00 enda annist félagið um á eigin kostnað nauðsynlegar lagfæringar á ánum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Bæjarráð ítrekar kröfu sína um að hindrað verði þegar í stað kolakynding í Mjólkurstöðinni við Hringbraut.

15. Lögð fram að nýju beiðni Jóns Halldórssonar, starfsmanns í Gasstöðinni, um að honum verði greidd laun eftir 8. flokki, ásamt umsögn gasstöðvarstjóra. Bæjarráð vill ekki verða við beiðninni.

16. Synjað beiðni frá eigendum sumarbústaða í landi jarðanna Digraness og Kópavogs um að rafmagn verði leitt til bústaðanna.

17. Rætt um skipun fastra starfsmanna við Rafmagnsveituna og launakjör. Ákvörðun frestað.

18. Borgarstjóra falið að ráða gæslukonur við barnaleikvellina við Grettisgötu og Njálsgötu.

19. Iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík tilkynnir að ekki geti orðið úr iðnsýningu sem fjelagið hafði ætlað að gangast fyrir að haldin yrði í Miðbæjarskólanum nú í sumar.

20. Samþ. að fjelagsmenn í Blaðamannafjelagi Íslands fái aðgöngumiða að Sundhöllinni með sömu kjörum og háskólastúdentar.

21. Synjað erind Sveins Jónssonar Von. 8 um að hann verði skipaður fastur sarfsmaður við Miðbæjarskólann.

22. Ólöf Benediktsdóttir, Hrefnugötu 3, óskar eftir því að bæjarstjórn mæli með beiðni hennar um að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

23. Lagt fram brjef nefndar sem s.l. febr. var skipuð til þess að rannsaka framfærslumál bæjarins dags. 17. þ.m. varðandi framfærslukostnað einhleypra manna og manna sem hafa fyrir lítilli fjölskyldu að sjá. Vísað til framfærslunefnda og jafnframt lagt fyrir Ráðningarstofuna að veita þá aðstoð sem hún getur, til þess að koma fólki fyrir í atvinnu utanbæjar.

24. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 18. þ.m.

25. Lögð fram skýrsla frá Ágústi Sigurðssyni um starfsemi „Námsflokka Reykjavíkur" frá 10. febr. til páska þ.á.

26. Níelsína Ásbjarnardóttir sækir um 2000 kr. lán til utanfarar. Bæjarráð mælir ekki með beiðninni.

27. Samþ. að skifta erfðafestulandinu Vatnsmýrarbletti III, þannig að húsinu Bólstöðum fylgir ca. 870 ferm. lóð sem verði leigð með venjulegum lóðaleiguskilmálum til allt að 30 ára, en erfðafestuhafa verði leyft að selja hinn - og mestan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hluta landsins- til þess að þar verði gert íþróttasvæði, enda verði skilmálum breytt þannig að endurkaupsverð bæjarsjóðs verði ákveðið með hliðsjón af söluverði nú.

28. Samþ. að gefa Guðjóni Sigurðssyni kost á leigulóðunum nr. 17 og 19 við Karlagötu, enda semji hann við Árna Erasmusson um endurgjald fyrir mannvirki á lóðunum og greiði útsvarskuldir sínar við bæjarsjóð.

29. Samþ. að gefa Tómasi Vigfússyni Brag. 26 kost á leigulóðinni nr. 57 við Víðimel.

Fleira gerðis ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Jakob Möller Helgi H. Eiríksson
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson
Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1939, föstudaginn 23. maí, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXIV fyrir kr. 3500.- Hafnað.

2. Sóknarnefnd Dómkirkjusafnaðarins sækir um lóð undir kirkjubyggingu suðvestan við barnaskólann í Laugarneshverfi. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

3. Rauði Kross Íslands fer fram á að bæjarsjóður gefi eftir endurgjald fyrir störf slökkviliðsmanna við akstur sjúkrabifreiða fjelagsins. Ákveðið að fá umsögn slökkvilisstjóra um erindið.

4. Lögreglustjóri tilkynnir að hann hafi í síðastl. viku lokað veitingastaðnum í Túngötu 6 vegna ólöglegrar veitingastarfsemi sem þar hafi verið rekin.

5. Lagðir fram reikningar Elliheimilisins Grund fyrir árið 1938.

6. Rætt um hitaveitumáli. Lagt fram brjef bæjarverkfræðings dags. 23. þ.m. Þá voru lögð fram brjef frá a. J. Johnsson dags. 18. þ.m. og Sigurjóni Péturssyni dags. 20. þ.m.

7. Útsvarsmál: Þórður Sveinsson db. Veghúsarstíg, Einar Einarsson db. Nýl 18, Bóas Pálsson Öld. 42, Hjaltested Georg Pjetur Berg. 24, Gunnar V. Kristmannsson Holtsg. 18, Jón Þórðarson Smiðj. 11, Jón Guðmundsson Sólv.12, Björgvin Jónsson Bjarn. 4, Matthías Þórðarson Von. 8, Ólafur Sveinsson Bráðræði, Ólafur Guðmundsson Óð. 25 Páll Jóh. Þorleifsson Hvg. 37, Sigurður Jón Maríason Njál.3, Sigrún Guðmundsdóttir, Mjöln. 46, Páll Jónsson Von. 12, Sigurður Jónsson Njarð. 47, Wendel, Harald Rán. 9, Sigurjón Skúlason Reykjarv. 33, Þorkell Jónsson Frakk. 11, Guðmundur Sveinssonar Grímssth. Brú, Valdimar Bjarnason Brekk. 19, Guðni S. Ingvarsson Tjarn 11, Kristinn Guðbjartsson Framnesv. 14. Hlutafjel. Jökull, Hutafjel. Veggfóðrarinn.

Fleira gerðis ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson
Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 26. maí, kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Beiðni um að byggja hús á erfðafestulandinu Bústaðabl. XV vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

2. Samþ. að leyfa Þórarni Arnórssyni Lauf. 10 að byggja kartöflugeymslu og verkfæraskúr á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXXVI.

3. Beiðni Hjörleifs Guðbrandssonar Grett. 20 a um beitarland við Skerjafjörð vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

4. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að Flugmálafjelag Íslands reisi bráðabirgðaflugskýli á Vatnsmýrarbletti V.

5. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 25. þ.m. viðv. girðingu um skógarleyfar í landi Elliðavatns og Hólms. Málið falið rafmagnsstjóra og bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.

6. Lagðar fram tillögur rafmagnsstjóra um nýtt verðlag á rafmagni. Tillögurnar ræddar og vísað til rafmagnsstjóra til nánari athugunar.

7. Teknar ákvarðanir um skipun starfsmanna Rafmagnsveitunnar og verkfræðingadeildar bæjarins og skipun þeirra í launaflokka. Verða þessar ákvarðanir færðar inní bók þessa á eftir fundargerðinni.

8. Glímufjelagið Ármann sækir um 3000 kr. styrk úr bæjarsjóði til þess að senda fimleikaflokka á alheimsfimleikamót í Stockholm 20. - 23 júlí n.k.

9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 25. þ.m.

10. Lagt fram brjef frá K. Langvad verkfr. vegna A.S. Höjgaard & Schultz, dags. 24, þ.m. varðandi svonefndar „Bouna" -pípur sem firmað ætlar að nota í aðalleiðslur hitaveitunnar frá Reykjum að Öskjuhlíð skv. tilboði þess dags. 28. f.m., svo og efnagreining Reykjavatnsins og umsögn um það eftir C. H. Pape verkfræðing í Kaupmannahöfn.

11. Samþ. að gefa Kára Sigurðssyni Mán. 9 og Ármanni Guðmundssyni Þverg.40 kost á leigulóðinni nr. 6 við Kjartansgötu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Samþ. að gefa Guðmundi Helgasyni Bergþ. 35 kost á leigulóðinni nr. 5 við Kjartansgötu.

13. Samþ. að gefa Haraldi Guðmundssyni Hrb. 32 kost á leigulóðinni nr. 2 við Kjartansgötu.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
H. H. Eiríksson Guðm. Eiríksson
Bjarni Benediktsson Jakob Möller
Jón A. Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Á fundi bæjarráðs 26. maí 1939 voru þessir menn skipaðir fastir starfsmenn frá 1. apríl s.l. skv. gildandi launasamþykkt.

1. Gísli Ólafsson, gjaldkeri hjá rafmagnsveitunni. Taki laun eftir III. fl.
2. Jóhann G. Möller, aðalbókari hja Rafmagnsveitunni. Taki laun eftir III. fl.
3. Jóhannes Kristjánsson, aðstoðarm. 1.fl. á skrifst. Rafmagnsv. - Taki laun eftir V.fl.
4. Hans Hoffmann, aðstoðarm. 1. fl. á skrifst. Rafmagnsv. - Taki laun eftir V. fl.
5. Karl Lárusson, aðstoðarm. 1. fl. á skrifst. Rafmagnsv. - Taki laun eftir V. fl.
6. Hjörleifur Hjörleifsson, aðstoðarm. 1. fl. á skrifst. Rafmagnsv. - Taki laun eftir V. fl.
7. Pétur Jóhannesson, bókari á skrifst. Rafmagnsv. - Taki laun eftir VII. fl.
8. Pétur A. Jónsson, bókari á skrifst. Rafmagnsv. Taki laun eftir VII. fl.
9. Hallur Þorleifsson, bókari á skrifstofu Rafmagnsv. Taki laun eftir VII fl.
10. Einar Pálson, aðstoðarm. 2. fl. á skrifst. Rafmagnsv. Taki laun eftir VI fl.
11. Anna Þorvaldsdóttir, skrifari á skrifst. Rafmagnsv. Taki laun eftir VIII fl.
12. Ólafur Ásgeirsson, skrifari á skrifst. Rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
13. Einar Guðjónsson, skrifari á skrifst. Rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
14. Valdimar Ólafsson, skrifari á skrifst. Rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
15. Margrét Hjaltested, skrifari á skrifst. Rafmagnsv. Taki laun eftir XIII. fl.
16. Petrína Jakobsson, skrifari á skrifst. Rafmagnsv. Taki laun eftir XIII. fl.
17. Fanney Stefánsdóttir, skrifari á skrifst. Rafmagnsv. Taki laun eftir XIII. fl.
18. Sigríður Ásmundsdóttir, skrifari á skrifst. Rafmagnsv. Taki laun eftir XIII. fl.
19. Þorbjörg Pálsdóttir, byrjandi á skrifst. Rafmagnsv. Taki laun eftir XV. fl.
20. Þóranna Möller, byrjandi á skrifst. Rafmagnsv. Taki laun eftir XV. fl.
21. Sveinbjörn Jónsson, mælaálesari hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
22. Magnús Sveinsson, mælaálesari hjá rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
23. Pétur Sigurðsson, mælaálesari hjá rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
24. Sigurður Guðlaugsson, mælaálesari hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir VIII.fl
25. Sæmundur Runólfsson, mælaálesari hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
26. Hilmar Hafstein, innheimtumaður 1. fl. hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
27. Jón Sveinsson, innheimtumaður 1. fl. hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
28. Ásgeir Ólafsson, Innheimtumaður 1. fl. hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
29. Sverrir Samúelsson, innheimtumaður 1. fl. hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
30. Marinó Guðmundsson, innheimtumaður 1.fl. hjá rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
31. Jón Jónsson, innheimtumaður 1.fl. hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
32. Haukur Sveinsson, innheimtumaður 1. fl. hjá rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

33. Guðmundur Sveinsson, innheimtumaður 1. fl. hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
34. Axel Magnússon, innheimtumaður 2.fl. hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir IX. fl.
35. Eiríkur Þorsteinsson, innheimtumaður 2. fl. hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir IX. fl.
36. Hans Guðmundsson, innheimtumaður 2. fl. hjá rafmagnsv. Taki laun eftir IX. fl.
37. Nikulás Friðriksson, umsjónarmaður hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir III. fl.
38. Wilhelm Lebitz, eftirlitsmaður með útvarpstruflunum hjá rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
39. Sigurður Ísólfsson, mælaviðgerðamður hjá rafmagnsv. Taki laun eftir VII. fl.
40. Sigurður Jakobsson, verkstjóri við innlagningar hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir V. fl.
41. Haraldur Sæmundsson, rafvirki 1. fl. Taki laun eftir VII fl.
42. Pálmar Sigurðsson, rafvirki 1. fl. Taki laun eftir VII. fl.
43. Sigurður Ágústsson, rafvirki 1. fl. Taki laun eftir VII. fl.
44. Haraldur Lárusson, rafvirki 1. fl. Taki laun eftir VII. fl.
45. Stefán Karlsson, aðstoðarrafvirki. Taki laun eftir IX. fl.
46. Sigurður Finnbogason, aðstoðarrafvirki. Taki laun eftir IX. fl.
47. Jakob Guðbjörnsson verfræðingur hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir II. fl.
48. Júlíus Björnsson mælaprófunarmaður hjá rafmagnsv. Taki laun eftir V. fl.
49. Ingvar Ísdal, verkstjóri hjá rafmagnsv. Taki laun eftir V. fl.
50. Ögmundur Sigurðsson, verksjóri hjá rafmagnsv. Taki laun eftir V. fl.
51. Bjarni Einarsson, vélaviðgerðamaður hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir VII. fl.
52. Þorsteinn Eiríksson, aðstoðarviðgerðamaður hjá Rafmagnsv. Taki laun eftir IX. fl.
53. Guðmundur Hansson, línumaður 1. fl. Taki laun eftir VII fl.
54. Finnbogi Ólafsson, línumaður 1. fl. Taki laun eftir VII. fl.
55. Nikulás Pálsson, línumaður 1. fl. Taki laun eftir VII. fl.
56. Gunnar Stefánsson, línumaður 1. fl. Taki laun eftir VII. fl.
57. Matthías Stefánsson, línumaður 1. fl. Taki laun eftir VII. fl.
58. Helgi Sveinsson, línumaður .fl. Taki laun eftir VIII. fl.
59. Kristján Oddsson, línumaður. 2. fl. Taki laun eftir VIII. fl.
60. Sveinbjörn Sveinbjörnsson, línumaður 2. fl. Taki laun eftir VIII. fl.
61. Þórarinn H. Pétursson, línum. 2. fl. Taki laun eftir VIII. fl.
62. Haraldur Blöndal, birgðavörður hja rafmagnsv. Taki laun eftir VIII. fl.
63. Ágúst Guðmundsson, yfirvélstjór. Taki laun eftir III. fl.
64. Ellert Árnason, 1. vélstjóri. Taki laun eftir V. fl.
65. Kjartan Örvar, 1. vélstjóri. Taki laun eftir V. fl.
66. Höskuldur Ágústsson, vélstjóri. Taki laun eftir VI. fl.
67. Jón Ásgeirsson, vélstjóri. Taki laun eftir VI. fl.
68. Sveinn Kragh, vélstjóri. Taki laun eftir VI. fl.
69. Ólafur Kristjánsson, verkstjóri. Taki laun eftir VI. fl.
70. Bolli Thoroddsen, deildarverkfræðingur. Taki laun eftir II. fl.
71. Helgi Sigurðsson, deildarverkfræðingur, Taki laun eftir II. fl.
72. Sigurður Pétursson, byggingarfulltrúi. taki laun eftir III. fl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

73. Halldór Pálsson, aðstoðarmaður 1. fl. Taki laun eftir V. fl.
74. Einar B. Pálsson, aðstoðarverkfræðingur. Taki laun eftir IV fl.
75. Jón Sigurðsson, aðstoðarverkfræðingur. Taki laun eftir IV. fl.
76. Árni Þ. Árnason, mælingamaður. Taki laun eftir VI. fl.
77. Hjálmar Blöndal, Taki laun eftir
78. Einar Leó Jónsson, verkstjóri. Taki laun eftir V. fl.
79. Kristinn Valdimarsson, verkstjóri. Taki laun eftir VI. fl.
80. Einar Sveinsson, húsameistari. Taki laun eftir III. fl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 2. júní, kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að heimila borgarstjóra að greiða Húsmæðrafélaginu kr. 4000,00 á gjl. VIII. 16 í fjárhagsáætlun bæjarsjóðs.

2. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 10 við Skarphéðinsgötu við Hannes M. Þórðarson leikfimiskennara og Kristján Einarsson, Grett. 48.

3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti IX. fyrir kr. 300,00. Hafnað.

4. Lagt fram bréf frá skipulagsnefnd, dags. 1 júní, ásamt handriti að bæklingi með yfirliti um byggingu Reykjavíkur. Guðmundi Eiríkssyni og borgarritara falið málið til afgreiðslu.

5. Samþ. að mæla með því, að Herði Bjarnasyni verði veittur 1500 króna strykur, skv. málaleitun fjármálaráðuneytisins og eftir tilmælum fjárveitinganefndar Alþingis, til utanfarar til þess að kynna sér þar húsagerð og skipulagsmál.

6. Samþ. að æskja þess, að Guðmundur Eiríksson bæjarfulltrúi fari fyrir hönd bæjarins á alþjóðaráðstefnu um húsbyggingar- og bæjarskipulagsmál, sem haldin verður í Stokkhólmi 8. - 15. júlí n.k.

7. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra þar sem hann leggur til, að Ólafur Snóksdalín Ólafsson verði skipaður lögregluþjónn frá 1. júní og að honum verði ákveðin sömu launkjör og gilda um lögregluþjóna þá, er komu í starfið árið 1937. - Vísað til bæjarstjórnar.

8. Lagðar fram tillögur rafmagnsstjóra um breytingar á gjaldskrá rafmagnsveitunnar. - Vísað til bæjarstjórnar.

9. Lögð fram beiðni frá búendunum í Garðahreppi um að þeir fái keypt rafmagn frá Sogsvirkjuninni. - Falið rafmagnsstjóra til athugunar.

10. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

11. Lagt fram bréf frá Skógræktarfélagi Íslands þar sem þess er óskað, að félaginu verði veittur fjárstyrkur úr bæjarsjóði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Samþ. að gefa Valdimari Þorsteinssyni kost á leigulóðinni nr. 3 við Kjartansgötu.

13. Lagt fram bréf lögreglustjóra þar sem hann leggur til, að bæjarstjórnin banni allan akstur bifreiða, reiðhjóla, hestvagna og annara ökutækja um Austurstræti frá vestri til austur.

14. Lagt fram bréf frá lögrelgustjóra þar sem hann leggur til, að bæjarstjórn banni umferð bifreiða um þessar götur:

   a. Um Veltusund milli Hafnarstrætis og Austurstrætis.
   b. Um Liljugötu, frá Laufásvegi til Hringbrautar.
   c. Um Bjarkargötu, frá tjarnarbakkanum að Skothúsvegi.

15. Samþ. að leyfa Jóhannesi Z. Magnússyni að byggja viðbyggingu úr timbri á erfðafestulandinu Bústaðabletti XV.

16. Útsvarssmál: Snæbjörn Stefánsson ,skipstjóri, Gunnar Bjarmundsson, Nýl. 16, Gústaf A. Sveinsson, Þvergötu 7, Guðmundur Guðnason, Bergstaðastr. 26 B, Jóhanna S. Sigurðsson, Jens Guðjón Jensson, Ásvallag. 25, Árni Pálsson, Laug. 8, Kristinn Sveinsson, Skól. 19, Ásgrímur S. Ásgrímsson, Skeggjag. 3, Páll M. Ólafsson, múrari, Stefán Axel Guðmundsson, Garð. 21, Jóhann Kr. Guðmundsson, Grett. 53 B, Jón Guðmundsson, Bræðraborgarstíg 4.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Guðm. Eiríksson Gunnar Thoroddsen
Jón Axel Pétursson Bjarni Benediktsson
Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1939, föstudaginn 9. júní, kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulöndunum Laugamýrarblettur XI. og XXX. fyrir kr. 13.300,00. - Hafnað.

2. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 2. júní þar sem hann mælir með því, að bifreiðastöð Steindórs og bifreiðastöðvunum Geysi og Bifröst verði leyft að hafa bifreiðaafgreiðslur á þeim stöðum sem þær eru nú, en mælir á móti samskonar umsóknum frá Aðalstöðinni, Litlu-bílastöðinni, bifreiðastöðinni Heklu og Bifreiðastöð Reykjavíkur. - Vísað til bæjarsjórnar.

3. Lagðar fram umsóknir lögregluþjónanna Ágústs Kristjánssonar, Matthíasar Guðmundssonar, Axels Helgasonar og Páls Guðjónssonar um styrk til utanfarar. - Ákveðið að óska umsagnar lögreglustjóra.

4. Samþ. að mæla með því, að Flugmálafélagi Íslands verði veittur 500 króna styrkur til byggingar flugskýlis.

5. Lagt fram bréf frá heilbrigðisfulltrúa um fyrirkomulag á sorphreinsun í bænum. - Borgarritara falið að athuga hvort ekki væri betra að láta hreinsun fara fram að næturlagi í sumar í sumum bæjarhlutum, og fleiri breytingar á fyrirkomulaginu.

6. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

7. Samþ. að mæla með umsóknum þessara ekkna úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ingunn Guðmundsdóttir | Elliheimilinu |
| 2. | Sigríður Þorsteinsdóttir | Laugavegi 86 A |
| 3. | Þórunn Friðrika Þorsteinsdóttir | Vonarstræti 8 |
| 4. | Kristín Sigurlín Hafliðadóttir | Barónsstíg 10 |

8. Lögð fram tilboð um byggingu spennustöðva húsa við Víðmel og Rauðarárstíg. Samþ. að taka lægsta tilboði, frá Valgeiri Jónssyni, kr. 10.364,00.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Samþ. að afhenda Rafmagnsveitunni áhaldahúsið á gatnamótum Brekkustígs og Framnesvegar fyrir spennistöðvarhús. - Bæjarverkfræðingi falið að gera tillögu um veð í samráði við rafmagnsstjóra.

10. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra ásamt tillögum um vinnureglur fyrir starfsmenn Rafmagnsveitunnar og Sogsvirkjunnarinnar.

11. Lögð fram beiðni frá Magnúsi Kristjánssyni, Grettisgötu 84, um meðmæli með umsókn um veitingaleyfi. - Vísað til bæjarstjórnar.

12. Samþ. að leyfa Jóni Brynjólfssyni að taka 550 króna lán út á jörðina Vatnsholt I, til að byggja hlöðu.

13. Lagt fram bréf frá Magnúsi Jónssyni, Kirkjulandi, þar sem hann óskar þess, að heimili hans verði ráðstafað í annað húsnæði. - Vísað til framfærslunefndar.

14. Samþ. að gefa eftirtöldum mönnum kost á þessum leigulóðum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Jóhann Hafliðason og Hafliði Jóhannsson | Freyjugötu 45 | fái nr. 69 við Víðimel |
| b. | Filippus Guðmundsson | Þórsgötu 19 | fái nr. 66 við Víðimel |
| c. | Guðmundur Guðmundsson | Njálsg. 15 A | fái nr. 8 við Kjartansgötu |
| d. | Gústaf Olafsson | lögfr. | fái nr. 22 og 24 við Mánagötu |

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Helgi H. Eiríksson  Guðm. Eiríksson
Valtýr Stefánsson  Jón Axel Pétursson
Gunnar Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 16. júní, kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Ingþóri Sigurbjörnssyni, Upplandi, að breyta gripahúsi á erfðafestulandinu, Sogamýrarbletti 45, í íbúðarhús.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXVIII. fyrir kr. 3000,00. - Hafnað.

3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulöndunum Sogamýri VII. og Sogamýrarbletti XXIX. fyrir kr. 29.500,00. Hafnað.

4. Lagt fram bréf frá Fiskiveiðahlutafélaginu Defensor þar sem beðið er um framlengingu á lóðarsamningi frá 23. sept. 1913. - Falið borgarstjóra og bæjarverkfræðingi til athugunar.

5. Lagt fram bréf frá Kjartani Ólafssyni rakara þar sem hann óskar þess, að girðingarkvöð verði lögð á lóðina nr. 42 við Garðastræti. - Synjað.

6. Samþ. að gera makaskipti við Bjarna Pétursson, til þess að rétta af lóð hans við Ægisgötu (Hlíðarhúsalóð), eftir nánari ákvörðun bæjarverkfræðings.

7. Samþ. að láta gera vatnslögn að bátauppsátri við Stóruselsvör.

8. Samþ. að verja fjárveitingu á gjl. VIII. 23 í fjárhagsáætlun bæjarins 1939 til unglingavinnu í Sogsvegi með sömu skilyrðum og undanfarin ár.

9. Lagt fram bréf frá Póst- og símamálastjórninni, dags. 9. júní, þar sem óskað er umsagnar um erindi Strætisvagna Reykjavíkur h/f varðandi breytingu á áætlun bifreiða á leiðinni Reykjavík - Lögberg frá 17. júní til 10. september.

10. Lagt fram bréf frá Skipulagsnefnd um kostnað við útgáfu bæklings, er senda á til útbýtingar á alþjóðamóti um byggingarmál í Stockholm í næsta mánuði.

11. Lögð fram tillaga Haralds Guðmundssonar frá bæjarstjórnarfundi í gær um taxta rafmagnsveitunnar.

12. Samkv. tillögu lögreglustjóra var samþykkt að skipta utanfarar styrk lögregluþjóna á þessu ári milli Matthíasar Guðmundssonar og Lárusar Axels Helgasonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Lagt fram bréf lögreglustjóra, ásamt útskrift úr gjörðabók heilbrigðisnefndar frá 14. júní og skýrslu héraðslæknis og heilbrigðisfulltrúa um starfrækslu fiskimjölsverksmiðju á Sveinstaðabletti í Kaplaskjóli.

14. Lagt fram bréf frá forstjóra Sundhallarinnar um að rannsakaðir verði möguleikar á að koma upp gufubaðsdeild við Sundhöllina. - Falið húsameistara bæjarins til athugunar.

15. Lagt fram bréf frá Ólafi Þórðarsyni um eftirgjöf á leigugjaldi fyrir auglýsingaspegil í Sundhöllinni. Falið borgarritara og forstjóra Sundhallarinnar til afgreiðslu.

16. Lagt fram yfirlit um byggingar í Reykjavík árið 1938, eftir byggingarfulltrúanum.

17. Samþ. að gefa Gísla Sveinssyni eftir leigugjald eftir fiskreitaland það, er hann hefir í Kaplaskjóli, og jafnfram ákveðið að gera ekki leigusamning við hann um landið framvegi.

18. Samþ. að mæla með umsókn ekkjunnar Hansínu Valgerðar Jónsdóttur um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.

19. Lögð fram beiðni frá fulltrúaráði Sjómannadagsins um 1000 króna styrk til sýningar sjómanna í Markaðsskálanum. - Vísað til bæjarstjórnar.

20. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um rafmagnsleiðslu að refabúum í Garðahverfi, skv. erindi 7 búenda þar. - Bæjarráðið vill verða við erindinu og felur rafmagnsstjóra að setja nánari skilyrði fyrir því, að þetta verði gert.

21. Samþ. að fá dómsúrskurð um útsvarsskyldu Sogsvirkjunarinnar í Grímsnes - og Grafningshreppi.

22. Lagt fram bréf frá Landssambandi Iðnaðarmanna þar sem tilkynnt er, að iðnsýningar þær, sem til var ætlast að haldnar yrðu í ár, verði ekki haldnar vegna ónógrar þáttöku. Jafnframt er spurt fyrir um það, hvort vænta megi styrks úr bæjarsjóði til fyrirhugaðrar prjónlessýningar.

23. Lagt fram bréf frá starfsmönnum h/f Kol & Salt þar sem þess er óskað, að þeir verði látnir sitja fyrir atvinnu við starfrækslu hitaveitunnar.

24. Lögð fram skýrsla um vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

25. Lagðar fram skýrslur um starfrækslu heilsuverndarstöðvar Líknar árið 1938.

26. Bakarameistarafélag Reykjavíkur, Alþýðubrauðgerðin og Bakarasveinafélag Íslands ítrekar tilmæli sín um að bæjarstjórn samþ. þær breytingar á lokunartíma sölubúða, að:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

a. Alla sunudaga, almenna frídaga og helgidaga nema stórhátíðar sé opið frá kl. 8 f.h. til kl. 5 e.h.

b. Daginn fyrir stórhátíðar sé lokað kl. 6 e.h.

Bæjarráðið leggur til, að þessar breytingar verði gerðar að því er snertir aðalbúðir brauðgerðanna.

27. Lögð fram beiðni frá Mæðrastyrksnefndinni um 3000 króna styrk til sumardvalarheimilis í Reykholti í Biskupstungum.

Bæjarráðið mælir með því, að nefndinni verði veittur sami styrkur og áður til þessarar starfsemi, kr. 1500,00.

28. Í framhaldi af fyrri samþykktum bæjarstjórnar varðandi húsmæðrafræðslu í bænum, ályktar bæjarráð að snúa sér til ríkisstjórnar og skora á hana til samstarfs um frambúðarlausn þessa mjög aðkallandi máls.

29. Lagt fram bréf frá Sundráði Reykjavíkur um byggingu sundskála í Nauthóslvík.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
Bjarni Benediktsson Hegi H. Eiríksson
Valtýr Stefánsson Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1939, þriðjudaginn 27. júní, kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Borgarstjóri lagði fram samning sem hann f.h. bæjarstjórnar gerði við firmað A.S. Höjgaard & Schultz í Kaupmannahöfn hinn 15. þ.m um að leggja hitaveitu frá Reykjum til bæjarins og um bæinn og að leggja fram fje til fyrirtækisins. Skýrði borgarstjóri efni samningsins lið fyrir lið.

2. Samþ. að taka tilboði Magnúsar Jónssonar um smíði á 100 ljóskerjastólpum, eftir tillögu rafmagnsstjóra í brjefi dags. 13. þ.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson

Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson

Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 30. júní, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXIII fyrir kr. 7100. - Hafnað.

2. Samþ. að leyfa Viljhálmi Bjarnasyni Bergþ. 31 að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXIII, enda hlýti hann skilmálum sem settir kunna að verða um byggingar á erfðafestulöndum.

3. Samþ. að ráðstafa ekki fyrst um sinn leigulandi við Sveinsstaði í Kaplaskjóli er Gísli Sveinsson hefir undanfarið haft á leigu til fiskverkunnar.

4. Erindi Sveins Sveinssonar f.h. málfundafjel. Óðinn varðandi leiguland til garðræktar í Breiðholtslandi vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

5. Bæjarráð árjettar samþykkt sína 8. oktbr. 1937 um að ætla Góðtemplarareglunni hæfilega lóð undir húsbyggingu reglunnar við Ingólfsstræti og Sölfhólsgötu. Lóðinni verði afsalað og stærð ákveðin er reglan ákveður að byggja.

6. Samþ. að gefa Þorst. Þorsteinssyni f.h. Litlu Bílastöðvarinnar og Aðalstöðvarinnar kost á lóð undir bifreiðastæði norðan af lóð bifreiðastöðvarinnar Geysis við Kalkofnsveg. Stærð og skilmálar verði ákveðið síðar.

7. Erindi húseigenda í Eskihlíð um holræsi vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

8. Lagt fram brjef frá Ólafi Jónssyni varðandi flutning á skúr við Reykjanesbraut. Vísað til bæjarverkfræðings.

9. Lagðar fram matsgerðir lóðamatsnefndar á leigu eftir lóðir Kassagerðarinnar, vjelsm. Steðja og Steinsteypunnar við Skúlagötu, hf. Ölgerðin Egils Skallagrímssonar við Rauðarárstíg og hf. Hampiðjunnar við Þvergötu. Samþ. að áfrýja matinu á leigu eftir lóð Hampiðjunnar.

10. Lagðar fram yfirmatsgerðir um leigu eftir þessar lóðir : Björns Benediktssonar við Holtsgötu, Vegagerðar ríkisjóðs við Skúlagötu, Hannesar Magnússonar við Þvergötu, Páls Hallbjörns ofl. við Þvergötu, hf. Nóa ofl. við Skúlagötu og hf. Strætisvagnar Reykjavíkur við Hringbraut.

11. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 19. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Lagt fram brjef forsætisráðherra dags. 13. þ.m. varðandi umgengni hjá Leifsstyttunni. Vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

13. Lagt fram brjef frá Fjelagi afgreiðslustúlkna í brauð- og mjólkursölubúðum út af tillögum bæjarráðs á fundi 16. júní 26. lið um breytingar á samþykkt um lokunartíma sölubúða. Jón A. Pétursson lætur þess getið að hann sje mótfallinn þeim tillögum bæjarráðsins.

14. Bæjarráð telur ekki fært að lána mæðrastyrksnefndinni borð, bekki og borðbúnað fyrir 30 manns af áhöldum barnaskólanna, um tveggja mánaða tíma. Jón A. Pétursson vill verða við beiðninni.

15. Níelsína Ásbjarnardóttir sækir um 1500 kr. lán til utanfarar. Bæjarráð mælir ekki með beiðninni.

16. Bæjarráð leggur til að veittar verði 1000 kr. til starfsemi barnaheimilisins Vorboðinn nú í sumar. Jón A. Pétursson leggur til að styrkurinn verði ákveðinn kr. 1500.-

17. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásettta atvinnulausa verkamenn 22. þ.m.

18. Lögð fram skýrsla ráðningarstofunnar fyrir mars - apríl 1939.

19. Glímufjelagið Ármann sækir enn um 3000 kr. styrk til þess að senda fimleikaflokka á alheimsfimleikamótið „Lingiaden" í Stockholm nú í næsta mánuði. Vísað til bæjarstjórnar.

20. Samþ. að gefa Sig. Þorsteinssyni og Þorst. Bárðasyni kost á leigulóðinni Hrefn. 1, sem Indriði Níelsson afsalar sjer tilkall til með brjefi 8. maí síðastl.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 7. júlí, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Að gefnu tilefni lýsir bæjarráð því yfir að skv. launasamþykkt bæjarins beri ekki að greiða innheimtumönnum mistalningarfje.

2. Lögð fram og samþykkt fundargerð byggingarnefndar 22. júní 1939, sbr. heimild bæjarstjórnar 15. júní.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti VIII, fyrir kr. 2500. - Hafnað.

4. Hannes M. Þórðarson og Kristján Einarsson afsalar sjer tilkalli til leigulóðarinnar nr. 10 við Skarphjeðinsgötu og var samþ. að gefa Tómasi Tómassyni Njálsg. 110 kost á lóðinni.

5. Bæjarráð vill hvorki kaupa nje kosta flutning á skúr Ólafs Jónssonar sem stendur í götustæði Hringbrautar.

6. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna óskar eftir tilboði um sölu rafmagns til hitunnar á heilsuhælinu Vífilstöðum. Vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

7. Lagt fram tilboð um sölu á hálfri jörðinni Syðri-Brú í Grímsnesi fyrir 15000 kr. Hafnað.

8. Erindi Gunnars Viðars f.h. db. Indriða Einarssonar viðv. lóðargjaldi af eigninni nr. 3 c við Tjarnargötu vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

9. Bæjarráð leggur á móti því að barnakennurunum Steinunni Bjartmarsdóttur, Níelsínu Ásbjarnardóttur eða Jóni H. Ísleifssyni verði veitt frí til utanfara með launum svo sem skólanefndir hafa lagt til.

10. Samþ. að greiða skv. fjárhagsáætlun XIV,4. kr. 500. - Til prjónalessýningar Önnu Ásmundsdóttur og Laufeyjar Vilhjálmsdóttur.

11. Lagt fram brjef frá 3 sóthreinsunarmönnum, sem hafa fengið daglaun fyrir störf sín, þar sem þeir fara fram á að fá laun greidd skv. VIII flokk launasamþykktarinnar. Bæjarráð vill ekki breyta launakjörum þeirra frá því sem þau eru nú.

12. Samþ. að heimila borgarstjóra að gera leigusamning við hf. Defensor um hluta af leigulandi sem fjelagið hefir haft undanfarið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Synjað erindi frá húseigendum í Eskihlíð um að gerð verði skolpræsi frá húsum þeirra.

14. Samþ. að heimila borgarstjóra að gefa erfðafestuhöfum Hrísakots brjef fyrir erfðafestulandinu, enda náist samkomulag um skilmála.

Fleira ekki gert.

Fundli slitið.

Pétur Halldórsson Guðm. Ásbjörnsson

Jakob Möller Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 14. júlí, kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram beiðni frá frú Elly Eiríksson um að stækka íbúðarhúsið á Kleppsmýrarbl. XVI um ca. 20 ferm. úr timbri. Bæjarráð vill leyfa viðbyggingu úr steini eða steinsteypu.

2. Samþ. að gefa málfundafjel. Óðni kost á landspildu til garðræktar í Breiðholtslandi, fyrst um sinn án endurgjalds. Landinu verði skift í allt að 1000 ferm. garða og verði gert ráð fyrir því að byggja megi 25 ferm. sumarhús í görðunum.

3. Lagt fram brjef frá A.S. Höjgaard & Scultz til bæjarverkfræðings dags. 5. þ.m með tillögu um að nota vikur til einangrunar á aðalleiðslum hitaveitunnar. Falið bæjarverkfr. til afgreiðslu.

4. Rætt um fyrirkomulag á gatnaskipun við Slippinn.

5. Samþ. að lengja ræktunartíma erfðafestulandsins Kringlumýrarbl. XV upp í 10 ár en ákvæði erfðafestubrjefsins um eftirgjald haldast óbreytt.

6. Bæjarráð vill ekki fallast á að taka tilboði landssímans um að leggja síma að línumannaskýli Sogsvirkjunnarinnar í Nesjalandi í Grafningi.

7. Lagt fram brjef frá Sveini Jónssyni Sóleyjarg. 17 um störf hans við Miðbæjarskólann.

8. Bæjarráð mælir ekki með því að sinnt verði umsókn Jens Benediktssonar um styrk til þess að kynna sjer störf heilbrigðislögreglu Kaupmannahafnar.

9. Lögð fram skýrsla um starfsemi Styrktarsjóðs verkamanna og sjómannafjelaganna í Reykjavík árið 1938, með reikningi sjóðsins það ár.

10. Lögð fram ársskýrsla Bæjarbókasafn Reykjavíkur árið 1938.

11. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn.

12. Byggingafjelag Alþýðu óskar þess að Bæjarbókasafnið greiði nokkra húsaleigu og ræstingu eftir lestrarsal sem safnið notar í húsi fjelagsins. Falið borgarstjóra til athugunar.

13. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í maí mán. síðastl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Stefán Thorarensen óskar þess að bæjarstjórn geri sjer tilboð um sölu áhaldaskúranna við Vegamótastíg. Vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Jakob Möller Pétur Halldórsson
Helgi H. Eiríksson Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 21. júlí, kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Synjað beiðni frá Ástráði Þ. Guðmundssyni, Laugavegi 137, um erfðafestuland.
2. Synjað beiðni frá Þorvarði Björnssyni hafnsögumanni um erfðafestuland í Breiðholtslandi.
3. Synjað beiðni Elíasar Guðmundssonar, Bjarmalandi, um leyfi til að byggja hænsnahús úr timbri á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXII.
4. Boðinn forkaupsréttur að hálfu erfðafestulandinu Sogamýrarbletti 43 fyrir kr. 22.500,00. - Hafnað.
5. Lögð fram yfirlýsing Gísla Guðmundssonar um að Sigurmundur Gíslason tollþjónn sé sameigandi að erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti 14 A.
6. Lögð fram beiðni frá húseigendum við Kringlumýrarberg og Suðurlandsbraut um að vatnsæð fyrir heitt vatn verði lögð að húsum þeirra.
7. Synjað beiðni frá húseigendum á Laugarnesbletti II. um að lagður verði vegur að húsum þeirra.
8. Lögð fram tillaga Einars Olgeirssonar frá bæjarstjórnarfundi í gær um fjölgun í bæjarvinnunni.
9. Samþ. að kaupa lóðaræmu, undir vegarstæði milli Þvervegar og Baugsvegar, af Ólafi Thors og Hauk Thors fyrir fasteignamatsverð, kr. 2,50 ferm.
10. Synjað beiðni frá Daníel Þorsteinssyni um styrk til þess að útrýma veggjalús úr íbúð hans.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Gunnar Thoroddsen
Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 28. júlí, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögu bæjarverkfræðings um legu Mýrargötu og afnot svæðisins norðan við hana fyrir skipasmíðastöð ofl.
   Bæjarráðið ætlast til þess að skipulagsbreyting þessi baki bæjarsjóði ekki kostnað.

2. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra um að byggja rafmagnsspennistöð á Þvottalaugabl. XV.

3. Lagt fram brjef frá Byggingafjelagi verkamanna með beiðni um lóðir fyrir verkamannabústaði með 100 íbúðum á Melunum sunnan við gamla Kirkjugarðinn, til vara í Rauðarárholti. Falið bæjarverkfræðingi til umsagnar.

4. Sigurður Sigurðsson berklayfirlæknir óskar eftir því að staður fyrir heilsuverndarstöð verði ætlaður á Skólavörðuholtinu norðan Eiríksgötu.

5. Samþ. að leyfa að rannsóknarstofa og íbúð fyrir verkstjóra megi vera í fyrirhuguðu geymsluhúsi hf. Lýsi við Grandaveg.

6. Lagt fram brjef frá Nordelsíshúsi viðv. relugerðafrv. um tilbúning og sölu á rjómaís. Ákveðið að fá umsögn heilbrigðisnefndar.

7. Lagt fram brjef frá Jóni Ísleifssyni söngkennara, þar sem hann óskar eftir því að sjer verði veitt 6 mánaða frí frá kennslu með fullum launum til utanfarar á næsta skólaári.

8. Jóhanna Knudsen hjúkrunarkona sækir um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir 35 þús. króna láni til þess að stofna sjúkrahús fyrir börn hjer í bænum.

9. Bæjarráð vill, til reynslu, leyfa Lúðrasveit Reykjavíkur að spila á Austurvelli enda verði hafðar strangar gætur á því að fólk gangi ekki um völlinn á meðan á hljómleikunum stendur.

10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 27. þ.m.

11. Bæjarráð leggur til að kjörnum niðurjöfnunarnefndarmönnum verði greidd 3000 kr. þóknun á árinu hverjum.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 4.ágúst, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Borgarritara falið að athuga nánar forkaupsrjettatilboð Karls Hirzts að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti IV.

2. Samþ. að leyfa Vilhjálmi Bjarnasyni, Bergþ. 31, að byggja íbúðarhús úr timbri, múrhúðað utan og innan á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXIII.

3. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um erindi Byggingarfjelags verkamanna um lóðir fyrir 100 verkamannabústaði á Melunum eða í Rauðarárholti, svo og brjef frá Þór Sandholt arkitekt viðv. byggingu í Rauðarárholtinu.
   Eftir tillögu bæjarverkfræðings ákvað bæjarráð að gefa Byggingarfjelaginu kost á byggingarlóðum í Rauðarártúni, eftir nánari útvísun síðar og að áskildu samþykki skipulagsnefndar.

4. Samþ. að gefa Ármanni Sveinssyni og 11 öðrum lögregluþjónum kost á byggingarlóðum austan Hringbrautar en norðan Grettisgötu, eftir nánari útvísun síðar.

5. Lagðir fram reikningar Rafmagnsveitunnar og Sogsvirkjunarinnar árið 1938.

6. Synjað erindi Björns Vigfússonar Hör. 27 um að fá Skeiðvöllinn við Elliðaár á erfðafestuleigu árið 1941, er leigusamningur við hestamannafjel. Fák rennur út.

7. Lagt fram brjef 3ja starfsmanna á manntalsskrifstofunni um sumarfrí. Falið borgarritara til athugunar.

8. Lagt fram brjef frá Veitingamannafjelagi Reykjavíkur dags. 4. þ.m. með beiðni um að settar verði reglur um starfsemi veitingamanna hjer í bænum.

9. Tilkynnt að vinna við lagningu hitaveitunnar frá Reykjum hafi byrjað laugardaginn 29. f. m.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Valtýr Stefánsson Jakob Möller
Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 11. ágúst, kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Bæjarráð vill ekki leyfa sölu erfðafestulandsins Kleppsmýrarbl. IV, til Harry Rosenthal ofl., þar sem hann er útlendingur og hefir ekki heldur dvalarleyfi hjer á landi.

2. Samþ. að leyfa Magnúsi Þorsteinssyni Lind. 4 að gera safnþró úr steinsteypu á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXX.

3. Ákveðið að veita starfsmönnum Manntalsskrifstofunnar sumarfrí eftir sambærilegum reglum sem gilda um frí verkamanna í bæjarvinnu.

4. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 10. þ.m.

5. Útsvarsmál: Anna Friðriksdóttir, Jóhanna Guðmundsdóttir Reykjanesbr. B.Þ., Briem Eggert db., Brynjólfur Jóhannesson Lauf. 35, Einar Þorgrímsson, Eyjólfur Eyjólfsson co. Landsbankinn, Gestur Gíslason Hringbr. 75, Guðm. Tómasson Lind 43 B, Haraldur Frímannson Njg. 32 B, Kristján Rögnvaldsson Bergþ. 23, Maríus Jónsson Stýr. 3,Matthías Matthíasson Rán. 12, Samúel Torfason Njg. 36, Pjetur Johannesson Sell. 28, Sigurður Ág. Gissurarson Bárug. 38, Svavar K. Kristjánsson Grund. 2, Ólafur Halldórsson Eir. 37, Páll J. Þorleifsson Hvg. 37.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson
Valtýr Stefánsson Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 18. ágúst kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti IV fyrir kr. 10.814,46. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulöndunum Austurholtsbl. I og II og 1/2 Kaplaskjólsmýri II fyrir kr. 17.500.- Hafnað.

3. Beiðni Kjartans Ólafssonar Hólav. 11 um leiguland við Sundlaugaveg vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

4. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti leyfa að sett verði á stofn minkabú á erfðafestulandinu Sandvíkurbletti.

5. Fyrirspurn viðv. tryggingu á lóðum sem taldar eru nr. 10 og 12 við Fossagötu vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

6. Synjað erindi Guðjón H. Sæmundssonar um að honum verði látið í tje heitt vatn við sumarhús hans í Reykjahvolslandi.

7. Lagt fram erindi frá Verslunarmannafjelagi Reykjavíkur viðv. breytingu á reglugerð um lokunartíma sölubúða, þess efnis að búðum verði lokað kl. 6 e.h. á föstudögum tímabilið 15. sept. til 15. maí.

8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 17. þ.m.

9. Stjórn Vinnumiðlunarskrifstofunnar tilkynnir að á fundi 24. júlí s.l. hafi verið samþykkt áskorun til rjettra hlutaðeiganda um að sameina í eina stofnun Vinnumiðlunarskrifstofuna og Ráðningarstofu bæjarins.

Guðm. Ásbjörnsson
Jakob Möller Gunnar Thoroddsen
Jón Axel Pétursson Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, fimtudaginn 24. ágúst, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Skarphjeðinsgötu 10 við Gísla Bjarnason Lvg. 43, eftir beiðni Tómasar Tómassonar Njál. 110.

2. Hanskagerðin Rex og Harðfisksalan fara fram á að að fá framlengda leigusamninga um verksmiðjulóðir sínar til 75 ára. Falið borgarritara til athugunar.

3. Samkv. 12. gr. lögreglusamþykktarinnar gerir bæjarráð þá ákvörðun um torgsölu grænmetis og annars jarðargróðurs að salan sje eingöngu leyfð á tímabilinu kl. 7 - 12 f.h. virka daga.

4. Lagt fram brjef frá Guðlaugu Ólafsdóttur viðv. starfi hennar við tannlækningar í barnaskólunum.

5. Synjað erindi Kjartans Ólafssonar um lóð á erfðafestu úr svonefndu Draupnislandi við Sundlaugaveg, þar sem skipulag er ekki ákveðið á þessum slóðum.

6. Bæjarráð getur ekki fallist á, að leyfðar verði byggingar á lóðum sem taldar eru nr. 10 og 12 við Fossagötu, þar sem skipulag er ekki ákveðið til fulls þar um slóðir.

7. Bæjarverkfræðingi falið að gera tillögur um fyrirkomulag á sorphreinsun í bænum framvegis.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson
Gunnar Thoroddsen Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 1. septbr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Synjað erindi Þorsteins Stefánssonar um viðbót við erfðafestulandið Vatnsmýrarblett XVIII.

2. Samþ. að heimila borgarstjóra að framlengja lóðarleigusamninga hanskaverksmiðjunnar Rex og Harðfisksölunnar um 5 ára bil, eða til 35 ára alls.

3. Leigutími lóðar Vikurfjelagsins við Lágholtsstíg ákveðinn 20 ár.

4. Bæjarverkfræðingi heimilað að leyfa gröft fyrir skolpæð frá húsunum 4 - 8 við Laugaveg niður í Traðarkotsund, enda geri eigendur húsanna götunna jafngóða og verkið verði að öllu leyti framkvæmt eftir fyrirmælum bæjarverkfræðings.

5. Lagt fram brjef Vörubílastöðvarinnar Þróttur dags. 24. ágúst viðv. afhendingu á lóð við Kalkofnsveg. Borgarstjóra falið að svara brjefinu.

6. Samþ. gegn atkv. Jóns A. Pjeturssonar að fella niður skuld Húsmæðrafjelagsins við Rafmagnsveitunna fyrir rafmagnsnotkun í efri veiðimannahúsunum við Elliðaár.

7. Samþ. að leyfa veitingasölu í Austurstræti 5. til 14. maí 1940.

8. Synjað leyfisbeiðni um torgsölu frá Kristjáni Símonarsyni og Gísla Ólafssyni, Hafnarfirði.

9. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti leyfa torgsölu grænmetis á torginu við Barónstíg á milli Bergþórugötu og Njálsgötu.

10. Lagt fram brjef frá Húsfjelagi bindindimanna, þar sem bæjarstjórn er boðið húsnæði til fundarhalda í húsinu. nr. 11 við Fríkirkjuveg. Falið bæjarverkfr. til athugunar.

11. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 29. ágúst varðandi hitun Vífilsstaðahælis með rafmagni. Ákvörðun frestað.

12. Rætt um rafmagnsverðið í sambandi við hækkun sænsku krónunnar.

13. Lagt fram brjef frá Skipulagsnefnd dags. 1. f.m. varðandi byggingu verkamannabústaða í Rauðarárholti. Vísað til bæjarverkfræðings og húsameistara til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lagt fram brjef frá Skipulagsnefnd dags. 1. þ.m. með tillögu að skipulagsuppdrætti á svæði norðaustan Laugavegar og norðan og sunnan Laugarnesvegar. Vísað til bæjarverkfræðings og húsameistara til athugunar.

15. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 24. ágúst.

16. Borgarstjóra falið að svara brjefum Magnúsar Kristjánssonar Reykjakoti í Ölfusi viðv. byggingu á lóðum sem hann kveðst eiga í Skildinganesi.

17. Samþ. að gefa Kára Sigurðssyni Mán. 9 og Ármanni Guðmundssyni Þver.40 kost á lóðinni Kjartansg. 4, enda afsali Zophonías Snorrason sjer lóðinni.

Fleira gerðist ekki.
Fundi sltið.

Guðm. Ásbjörnsson
Gunnar Thoroddsen Jón Axel Pétursson
Guðm. Eiríksson Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, þriðjudaginn 5. sept., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Rætt um hitaveitumálið og þessar ályktanir gerðar:

   I. Bæjarráð gefur bæjarverkfræðingi Valgeiri Björnssyni umboð til þess að vera trúnaðarmaður Reykjavíkurbæjar við framkvæmd hitaveitu kaupstaðarins skv. samningi við A.S. Höjgaard og Schultz, København, dags. 15. júní 1939

   II Enda þótt víst megi telja, að verðlag áætlana um framkvæmd hitaveitunnar frá Reykjum breytist vegna styrjaldarinnar sem hafin er, ákyktar bæjarráðið að gera það sem unnt er til þess að haldið verði áfram verkinu skv. samningi við A.S. Höjgaard og Schultz, København, dags. 15. júní þ.á.

2. Útsvarsmál: Þórður Ingþórsson, Amtmannsstíg 6, Smjörlíkisgerðin Svanur, Árni Sigurðsson, fríkirkjuprestur, Páll B. Oddsson, Mánag. 19, Sívert.Th. Sætran, Stefán G. Stefánsson, Ásvallag. 6, Ólafur Sveinsson, Sölu-turninum, Meulenberg biskup og klerkar hans, Kristján Zöega, Þorgrímur Jónsson & co, Friede Pálsdóttir Briem, Tjarn. 24, Birgir Thoroddsen e/s Lagarfelli, Guðmundur Loptsson, bankaritari, Einar J. Ólafsson, Freyjug. 26.

Fleira ekki gert.
Fundi sli tið.

Tómas Jónsson
Jón Axel Pétursson Bjarni Benediktsson
Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 8. september, kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Þóri Baldvinssyni að byggja geymsluhús á Laugamýrarbletti XXVIII.
2. Boðinn forkauprjettur að erfðafestulandinu Vatnagarðarbletti II fyrir kr. 25000. - Hafnað.
3. Vikurfjelagið óskar þess að leigutími á lóðinni sem fjelagið hefir fengið við Lágholtsveg verði ákveðinn 75 ár. Erindinu synjað.
4. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 6. þ.m.
5. Geir Sigurðsson lögrþj. sækir um lóðina nr. 6 við Baugsveg til leigu eða kaups. Erindinu synjað, þar sem gera má ráð fyrir að lóðin fari undir götu.
6. Kaupfjel. Reykjavíkur og nágrennis sækir um leyfi til þess að selja frá sölubíl í úthverfum bæjarins venjulega nýlenduvörur. Meirihl. bæjarráðs synjar erindu þegar af þeirri ástæðu að slík sala sje ekki heimil skv. 12. gr. lögreglusamþykktarinnar. Jón A. Pétursson vill veita leyfið svo fremi að lög leyfi.
7. Samþ. að gefa Guðmundi Gíslasyni kost á bæjarlóðinni Víðmel 61, þar sem Karel Gíslason hefir afsalað sjer rjetti til lóðarinnar.
8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 7. þ.m.
9. Lesin greinagerð rafmagnsstjóra um möguleika fyrir aukinni rafmagnsnotkun til hitunar. Greinagerðin verður send Náttúrurannsóknarnefnd ríkisins.
10. Vegna reglugerðar ríkisstjórnarinnar um takmörkun á bensínsölu, ákveður bæjarráð að leita skuli umsagnar þess um beiðni fyrir undanþágu frá akstursbanni fyrir einstaka starfsmenn bæjarins og bæjarstofnana.
11. Skv. ályktun bæjarstjórnar á fundi í gær voru kosin í nefnd til þess að hafa á hendi stjórn á úthlutun matvælaseðla og annað eftirlit sem ríkisstjórnin kann að skipa fyrir um í sambandi við skömmtun matvæla:

Guðmundur Ásbjörnsson, forseti bæjarstj.,
Gunnar Thoroddsen, bæjarfulltrúi,
Kjartan Ólafsson, steinsmiður,
Ragnhildur Pjetursdóttir, frú
Árni Benediktsson, bókari

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Jón Axel Pétursson Bjarni Benediktsson
Gunnar Thoroddsen Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 15. septbr. , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Teitur Magnússon Bárug. 6 afsalar sjer tilkalli til lóðarinnar Mánag. 26 og var samþ. að gefa Skafta Ólafssyni Lvg. 83 og Árna J. Árnasyni Sjafn. 2 kost á lóðinni.

2. Bæjarráð vill ekki leyfa framsal erfðafesturjettar að Kleppsmýrarbl. IV til Harry Rosenthals og Harry Schrader.

3. Póst- og símamálastjórnin sendir bæjarstjóra til umsagnar breytingar á ferðaáætlun h.f. Strætisvagnar Reykjavíkur, sem gilda á tímabilið 8. sept. þ.á . til 31. maí 1940. Bæjarráð telur ekki ástæðu til þess að láta málið til sín taka.

4. Synjað erindi Byggingarfjelags Alþýðu um að fá greidda húsaleigu etc. eftir húsnæði sem Bæjarbókasafnið geymir bækur í til útlána.
   Jón A. Pétursson vill greiða hluta af ljósa- hita- og ræstingarkosnaði.

5. Bæjarráð vill mæla með því að efirtaldir sarfsmenn fái leyfi til þess að aka bílum sínum í þágu bæjarins og bæjarstofnanna: Bæjarverkfræðingi, Magnúsi V. Jóhannessyni framfærslufltr., Ágústi Guðmundssyni yfirvjelstjóra. Fyrst um sinn til 31. oktbr. þeim byggingarfulltrúa og Halldóri Pálssyni aðstoðarmanni, en til 15. nóvbr. Nikulási Lúðvíkssyni umsjónarmanni. Bjarni Benediktsson var mótfallinn því að veita meðmæli til undanþágu fyrir þá Halldór og Nikulás, en Jón A. Pétursson var á móti því að mæla með nokkurri undanþágu.

6. Svohljóðandi tillaga gerð til bæjarstjórnar:

   > Bæjarstjórn felur bæjarráði að láta ákvæði í gjaldskrá Rafmagnsveitunnar um verðbreytingu á raforku eftir breytingum á gengi sænskrar krónu koma til framkvæmda, þegar frá næstu reikningaútskrift.

7. Synjað beiðni Maríu Bergsdóttur Bergþ. 10 um lán úr bæjarsjóði.

8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinulausa verkamenn 14. þ.m.

9. Eftir tillögu Niðurjöfnunarnefndar var samþ. að áfrýja til Ríkisskattanefndar nokkrum úrskurðum yfirskattanefndarinnar um lækkanir á útsvörum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

<u>10.</u> Lagt fram brjef frá Ólafi Lárussyni prófessor og Gunnlaugi E. Briem stjórnaráðsfulltrúa dags. 18. ágúst 1939 um gildandi lagaákvæði um eignarnám vegna skipulagsframkvæmda, en þeir starfa að rannsókn þessara mála eftir tilmælum borgarstjóra f.h. bæjarráðs og skipulagsnefndar. Bæjarráð telur óhjákvæmilegt að sett verði löggjöf um verðhækkunaskatt af fasteignum vegna skipulagsbreytinga, enda verði skattinum varið til framkvæmdanna. Óskar bæjarráðið eftir því að gerðar verði tillögur að löggjöf um verðhækkunarskattinn.

Telur bæjarráð að skattinn beri að miða við þá verðhækkun sem verður beinlínis vegna skipulagsbreytingar, en ekki verði hjá því komist að veita greiðslufrest á skattinum, enda verði þá greiðsla tryggð t.d. með lögveði.

Jafnframt telur bæjarráð æskilegt að athugað verði hvort setja megi löggjafarákvæði um að sveitar- og bæjarfélögum veitist greiðslufrestur á andvirði eignarnuminna fasteigna vegna skipulagsbreytinga.

<u>11.</u> Samþ. að leggja til við bæjarstjórn að 3. grein í gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur frá 6. apríl 1933 verði breytt og greinin orðuð þannig:

> Fyrir hitann skal greiða: Frá 1. oktbr. til mið maímánaðar kr. 0.80 á mánuði fyrir hvern fermetra hitaflatar. Frá miðjum maí til 30. septbr. kr. 0.30 á mánuði fyrir hvern fermetra hitaflatar, hvortveggja miðað við 38 kr. kolaverð í verslunum hjer í Reykjavík. Hækki verð á kolum eða lækki um 10% eða meira frá þessu verði breytist hitaveitugjaldið hlutfallslega frá næstu mánaðarmótum.

Þessi breyting komi til framkvæmda nú þegar. Jafnframt var bæjarverkfræðingi falið að gera tillögu að nýrri gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

<u>12.</u> Lögreglustjóri tilkynnir að Sigtryggur Eiríksson lögregluþjónn hafi sagt lausu starfi sínu og legggur til að Sigfúsi Kolbeinson Hringbraut 64 verði settur lögregluþjónn.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Jakob Möller  Bjarni Benediktsson
Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 22. septbr. , kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Bæjarráð hefur forkaupsrjett að erfðafestulandinu Sogamýri V, sem Mjólkurfjelagi Reykjavíkur hefir verið útlagt sem ófullnægðum veðhafa fyrir kr. 16.500.-

2. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 29 við Karlagötu við Gísla Halldórsson Lvg. 119.

3. Erindum um leyfi til þess að setja loðdýragirðingar á nokkrum erfðafestulöndum vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

4. Bæjarráð vill verða við beiðni Magnúsar Ásmundssonar, Þorleifs Sigurðssonar og Sigurðar Gíslasonar um leyfi til fiskisölu og felur borgarstjóra erindi til afgreiðslu.

5. Póst- og símamálastjórnin sendir bæjarráði til umsagnar erindi h.f. Strætisvagnar Reykjavíkur um leyfi til að hækka fargjöld fyrir fullorðna um 5 aura hvern farmiða. Eftir upplýsingum þeim, sem fjelagið gefur, telur meirihluti bæjarráðs ekki fært að leggja á móti allri hækkun á fargjöldum, ef póstmálastjórnin telur hækkun óumflýjanlega. Jón Axel Pétursson er á móti allri hækkun.

6. Lagt fram brjef frá rafmagnsstjóra með viðaukatillögum við gjaldskrá rafmagnsveitunnar.

7. Lagt fram brjef frá gæslumanni barnastúkunnar Jólagjöf þar sem farið er fram á að stúkan fái að hafa fundi í húsnæði Skildinganesskólans við Baugsveg, svo og umsögn skólastjórans um beiðnina. Ákveðið að fá umsögn skólanefndar.

8. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 21. þ.m.

9. Samþ. að ætla Byggingarfjelagi Verkamanna lóðir í Rauðarárholti, norðan Háteigsvegar, en austan Þvergötu,enda verði lóðarskifting þannig, að hverju 4 íbúða húsi fylgi allt að 600 ferm. lóð.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Jakob Möller Jón Axel Pétusson
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 29. septbr., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Kjartansgötu 9 við H. Scheitler umboðssala.
2. Erindi Sveins Sveinssonar f.h. málfundafjel. Óðins um að fá erfðafestusamning um garðasvæði í Breiðholtslandi vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.
3. Samþ. að leigja h.f. Lýsi lóðarspildu að stærð 1080 ferm. til viðbóta lóð fjelagsins við Grandaveg.
4. Lögð fram tilkynning um mat á leigu eftir lóð Vikurfjelagins h.f. við Lágholtsveg. Samþ. að gera leigusamning um lóðina til 40 ára.
5. Skólanefnd Laugarnesskólans skorar á Bæjarstjórn að láta stækka barnaskóla hverfisins.
6. Erindi húseigenda við Bergþórugötu um að fá heitt vatn til hitunar húsunum vísað til bæjarverkfræðings til athugunar. Bæjarráð vill verða við erindinu ef það þykir fært.
7. Samþ. að gefa Sveinbirni Kristjánssyni kost á leigulóðunum nr. 28 og 30 við Rauðarárstíg.
8. Lagt fram brjef frá Baldvini Skaftfell og Árna Magnússyni viðv. launakjörum þeirra hjá Rafmagnsveitunni. Vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.
9. Lögð fram skýrsla um rekstur Sundhallarinnar á fyrra misseri yfirstandandi árs.
10. Rætt um gjaldskrártillögur rafmagnsstjóra.
11. Lagt fram brjef frá Sigurbirni Ármann viðv. fiskisölu á götum úti.
12. Lögreglustjóri tilkynnir að Sigurður Thorarensen lögregluþjónn hafi látið af störfum og leggur til að Greipur Kjartan Kristjánsson Laugarnesv. 79 verði settur lögregluþjónn.
13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 28. þ.m.
14. Fellt með 2:2 atkv. að mæla með erindum frá eigendum pylsuvagna um að mega hafa söluvagnana opna til kl. 2. e. miðnætti, en kl. 5 f.h. á sunnudagsmorgna.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Guðm. Eiríksson Bjarni Benediktsson
Jón Axel Pétursson Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 6. október , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti VIII með húseigninni Sogahlíð fyrir kr. 25.000.- Hafnað.

2. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti leyfa loðdýrarækt á eftirtöldum erfðafestulöndum, enda verði mannvirki,sem sett verða upp vegna atvinnurekstrarins, tekin burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu, er krafist verður: Austurkotsbletti, Garðamýri, Grímstaðabletti, Hagatúni, Hjallalandsbletti, Kringlumýrarbletti IX, Sveinsstaðabletti, Þvottalaugabletti XIV, Brynjólfsbletti, Laugamýrarbletti XIX, Laugarnesbletti, Vatnsmýrarbletti XVIII, Laugamýrarbletti V og Leynimýrarbletti I.

3. Erindi frá Þór Sandholt ofl. um byggingarlóðir við Háteigsveg vísað til bæjarverkfræðings og húsameistara til athugunar.

4. Bæjarráð samþykkir tillögur borgarritar um að fella inn í texta samþykktar um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík þær breytingar, sem bæjarstjórn gerði á samþ. 5. þ.m. og felur borgarstjóra að leita staðfestingar á breytingunum.

5. Erindum Ármanns Sveinssonar f.h. 12 lögregluþjóna og Sigurðar Guðmundssonar. Hringbr. 30 um heitt vatn til upphitunar vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

6. Lagt fram brjef frá 49 húseigendum sem kaupa heitt vatn frá hitaveitunni með ósk um að ekki verði breytt hitaveitugjaldi nú í vetur, til vara að gjaldið verði miðað við 54 kr. pr. kolafarm.
   Samþ. að gefa húseigendum kost á að loka fyrir ofna, en synjað beiðni um að gjaldið verði innheimt hjá hverjum notanda, í stað þess að nú er það innheimt hjá húseigendum.

7. Mæðrastyrksnefndin fer fram á að mega verja helmingi styrks skv. fjárhagsáætlun VII, 17 til greiðslu á halla af rekstri sumarheimilis nefndarinnar síðastl. sumar, enda verði hallinn endurgreiddur síðar af öðrum tekjum. Synjað með 2:2 atkv.

8. Manneldisráð fer fram á að bæjarsjóður styrki matarræðisrannsóknir ráðun. með fjárveitingu skv. fjárhagsáætlun 1939, III, 4.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Lögð fram skýrsla um námskeið heimilisiðnaðarfjelagsins frá áramótum til vors síðastl.

10. Atvinnudeild háskólans sendir skýrslu um rannsókn á vikri sem tekinn var við þjóðveginn til Grindavíkur við Kleifarvatnsveginn. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

11. Samþ. að gefa Ingólfi Guðmundssyni kost á leigulóðinni nr. 63 við Víðmel sem Einar Sveinsson hefir sagt lausri.

12. Lögð fram tillaga Jóns A. Péturssonar sem bæjarstjórn vísaði til bæjarráðs á fundi 5. þ.m. , viðv. fyrirhugaðri atvinnubótavinnu. Falið borgarsjóra.

13. Synjað erindi Símonar Guðmundssonar Hvg. 34 um eftirgjöf á rafmagnsskuld.

14. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 5. þ.m.

15. Lögð fram skýrsla lögreglunnar um rekstur pylsuvagnanna hjer í bænum.

16. Lagt fram brjef frá Magnúsi Ólafssyni, Hringbraut 161, viðv. Skiftum Vilhjálms Stefánssonar við bæjarsjóð út af húsinu Fálk. 24. Óskað eftir umsögn borgarritara.

17. Að gefnu tilefni í brjefi Skipulagsnefndar dags. 6. okt. endurtekur bæjarráð ákvörðun sína, sbr. fundargerð 22. f.m. , 9. lið, um að ætla hverju 4 íbúðarhúsi fyrirhugaðra verkamannabústaða í Rauðarárholti eigi yfir 600 ferm. lóð.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Jakob Möller Guðm. Ásbjörnsson
Guðm. Eiríksson Bjarni Benediktsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 13. oktbr., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Þórarni Anórssyni Lauf. 10, að stækka skúr á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXXVI og breyta inngangi í jarðhús á landinu.

2. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti leyfa loðdýrarækt á erfðafestulöndunum Vatnsmýrarbletti XIX og Norðurmýrarbletti XIII, enda verði mannvirki vegna starfseminnar tekin af löndum bæjarsjóði að kostnaðarlausu, er krafist verður.

3. Í. S. Í. fer fram á að nú í haust verði brotið land á íþróttasvæðinu við Öskuhlíð.Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

4. Skarphjeðinn Jósefsson Skólav. 4 b fer fram á löggildingu sem innlagningamaður við hitaveituna. Vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

5. Lagt fram frv. að samningi um kostnað af skrifst. hjeraðslæknis skv. lögum nr. 21/1937. Borgarstjóra falið að ganga frá samningnum.

6. Guðrún Eiríksdóttir æskir um meðmæli bæjarstjórnar með því að henni verði veitt veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar, en til heilbrigðisnefndar var vísað beiðni hennar um að mega hafa veitingastofu í Thorvaldsensstræti 6.

7. Borgarstjóra falið að semja um kaup á spildu af lóðinni Vesturgötu 37, sem fer undir Stýrimannastíg.

8. Lagt fram brjef frá Pálma Einarssyni f.h. Búnaðarfjelags Ísland um athugun á erfðafestuskilmálum á ræktunarlöndum bæjarins skv. ákvæðum jarðræktarlaganna nr. 101/1936, 43. gr. Bæjarráð felur bæjarverkfræðingi athugun málsins af sinni hálfu.

9. Lagt fram erindi frá Lúdvíg Guðmundssyni dags. 11. þ.m. um verknámsskóla, er hann hefir ákveðið að stofna hjer í bænu og fer hann fram á styrk úr bæjarsjóði til skólans, gegn því að kennarar barnaskólanna geti sótt þar námsskeið í ýmskonar skólahandavinnu, og að þar verði haldið uppi handavinnukennslu fyrir atvinnulausa unglinga.

10. Samþ. að veita Sveini Guðmundssyni Vífilsgötu 13 löggildingu til rafvirkjunnar við lágspennukerfi í Reykjavík með venjulegum skilmálum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Rafmagnstjóri gaf skýrslu um bilanir sem urðu síðastl. föstudag og laugardag á rafmagnskerfi bæjarins. Mun rafmagnsstjóri gefa skriflega skýrslu alveg á næstunni.

12. Samþ. með 3:1 atkv. að leggja til við bæjarstjórn að eftirlitsmanni með Kolaverslun í bænum skv. reglugerð 14. septbr. 1939, verði fyrst um sinn greiddar kr. 500.- á mánuði fyrir störf sín.

13. Lagt fram brjef frá Vigfúsi Kristjánssyni um atvinnu við hitaveituna.

14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 12 þ.m.

15. Lagðar fram skýrslur um starfsemi Ráðningarstofunnar mánuðina júní, júlí og ágúst þ.á.

16. Lögð fram skýrsla Halldórs Sigurðssonar verkstjóra um vatnsrennsli í kjallara hússins Spítalastíg 8 hinn 6. þ.m. Neitað kröfu um greiðslu úr bæjarsjóði fyrir skemmdir, sem urðu á ýmsum munum og varningi í kjallaranum.

17. Lagður fram uppdráttur Einars Sveinssonar húsameistara með tillögu um húsaskipun á svæðinu, sem ákveðið er að ætla fyrir verkamannabústaði í Rauðarárholtinu. Bæjarráð samþykkir tillögurnar fyrir sitt leyti.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson
Bjarni Benediktsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, þriðjudaginn 17. oktbr. , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Útsvarsmál: Árni J. Árnason db. Bræðr. 4, Anna Steindórsdóttir Loftsk.stöð, Þorbergur Friðriksson Bræðr. 52, Gísli Gunnarsson Kirkjug.stíg 8, Guðmundur Sigurðsson Barón. 18, Gunnar Einarsson Öld. 52, Ingibjörg Egilsdóttir Ásv. 25, Magnús Jónsson Hallv. 6, H.f Shell á Íslandi, Helgi Kristjánsson Njg. 77, Þorkell Sæmundsson Mánag. 3, Brynfríður Halldórdóttir Lauf. 62, Jón Indriðason Hað. 12, Jón Ólafsson Vest. 38, Lárus Jakobsson, Leifg. 28, Guðni Guðmundsson Skeggjag. 19.

2. Einar Sveinsson og Hörður Bjarnason arkitektar bæjarins og Skipulagsnefndar mættu á fundinn og lögðu fram tillögu um húsaskipun á svæðinu sem ákveðið er að ætla verkamannabústöðum í Rauðarárholti, nokkuð frábrugðna tillögu Einars Sveinssonar sem lá fyrir síðasta bæjarráðsfundi. Bæjarráð getur fyrir sitt leyti fallist á þessa síðari tillögu.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Guðm. Eiríksson
Bjarni Benediktsson Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 20. oktbr. , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um bilanir sem urðu á rafmagnskerfinu í Austurbænum dagana 6 og 7. þ.m.

2. Beiðni um byggingu hænsnahúss á erfðafestulandinu Rauðarárholti III vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

3. Lögð fram umsókn Egils Vilhjálmssonar um lóð meðfram Laugavegi til viðbótar lóðinni nr. 118. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

4. Starfsmenn bankanna hjer í bænum sækja um byggingarlóðir, helst á Melunum.

5. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar dags. 13. þ.m. með tillögu uppdrætti að skipulagi utan Hringbrautar vestan Melavegar. Vísað til bæjarverkfræðings og húsameistara til athugunar.

6. Lögð fram matsgerð yfirmatsmanna á endurkaupsverði erfðafestulandins Norðurmýrarbletts XII. Borgarstjóra falin athugun þess hvort höfða beri málsókn útaf grundvelli þeim sem matið byggist á.

7. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti leyfa Birni L. Gestsyni að breyta húsi sem hann hefir í smíðum á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XLII í íbúðarhús að nokkrum hluta, enda samþykki byggingarnefnd breytinguna í þessu skyni.

8. Bæjarráð leyfir að sínu leyti að rekin verði loðdýrarækt á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti X, enda verði mannvirki sem gerð verða í þessu skyni tekin burt bæjarsjóði að kostnaðarlausu er krafist verður.

9. Bæjarverkfræðingi falið að láta brjóta nokkurn hluta landsins sem ætlað er undir íþróttavelli við Skerjafjörð.

10. Lagt fram erindi frá íbúum við Laugarnesveg um vatn frá hitaveitunni.

11. Bæjarráð ákveður að veita Benedikt G. Waage æfilangt aðgang að Sundhöllinni án endurgjalds í viðurkenningarskyni fyrir langvarandi forystu hans í Íþróttasambandi Íslands.

12. Lagt fram brjef frá póst- og símamálastjóra þar sem hann óskar eftir því að fá keypt koks frá Gasstöðinni handa Landsímastöðvarhúsinu, svo og umsögn gasstöðvarstjóra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Skósmiðafjelag Reykjavíkur óskar eftir því að breytt verði samþykkt um lokunartíma skóvinnustofu, þannig að lokað verði á föstudögum kl. 6. e.h. á tímabilinu frá miðjum septbr. til miðs maí. Falið borgarritara til athugunar.

14. Lagt fram brjef dómsmálaráðuneytisins dags. í dag um hluta ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík árið 1938. Bæjarráð samþykkir að greiða laun yfirlögregluþjóns rannsóknarlögreglunnar og kr. 600.- til lækniskoðunar lögregluþjóna, með því að ráðuneytið fellur frá kröfu um endurgjald úr bæjarsjóði fyrir afnot lögreglunnar af húsnæði með tilh. í lögreglustöðinni.

15. Lagt fram brjef frá Sveinasambandi Byggingamanna viðv. auglýsingu um aðvörun til manna um að flytja ekki í bæinn.

16. Lagðar fram tillögur Valtýs Stefánssonar er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 19. þ.m. Málefnið falið bæjarverkfræðingi og garðyrkjuráðunaut til umsagnar.

17. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 19. þ.m.

18. Synjað erindi Guðbr. Jónssonar f.h. Menlenbergs biskups dags. 6. júní 1939 varðandi útsvargreiðslur biskupsins og klerka hans.

19. Lagt fram brjef frá Samúel Kristjánssyni með beiðni um vinnu.

20. Samþ. að heimila borgarstjóra að greiða skv. fjárhagsáætlun III,4 til manneldisráðs til matvælaumsókn, enda sjeu þær rannsóknir ekki í verkahring matvælaeftirlits ríkisins. Samþ. með 3:1 atkv.

21. Bæjarráð telur ekki fært að sinna erindi Lúðvígs Guðmundssonar, sbr. fundargerð 13. okt. 9. lið, að svo stöddu, en vísar erindinu til fjárhagsáætlunar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Eiríksson Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 27. oktbr. , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti XVIII með húseigninni Bjarkahlíð fyrir kr. 19.500.- Hafnað.

2. Synjað erindi Jens og Ingólfs Bjarnasonar um götulýsingu með vegarspotta er þeir hafa lagt að húsi sínu á Laugarnesbletti II.

3. Lagt fram brjef frá stjórn Í. S. Í. með tilmælum um að nokkur hluti af tekjum Íþróttavallarins verði framvegis látinn renna til starfsemi Í. S. Í.

4. Ólafur Ólafsson f.h. Fornverslunarinnar Grettisg. 45 krefur um skaðabætur fyrir tjón sem hann telur verslunina hafa orðið fyrir vegna jarðrasks fyrir dyrum verslunarinnar af völdum vinnu við hitaveituna. Erindinu synjað.

5. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að reka megi loðdýrarækt á erfðafestulöndunum Sogamýrarbl. XXX og Kirkjumýrarbletti VIII, enda verði tekin burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu mannvirki vegna starfseminnar, þegar krafist verður.

6. Lögð fram erindi frá Nikulási Friðrikssyni, Ágústi Guðmundssyni og nokkrum starfstúlkum á skrifstofu Rafmagnsveitunnar viðvíkjandi launakjörum þeirra eftir launasamþykkt bæjarins. Synjað með 4:1 atkv. að verða við erindinu.

7. Lagt fram brjef frá landbúnaðarráðherra um að safnað verði sorpi og úrgangi er nota megi til áburðar að vori . Vísað til heilbrigðisfulltrúa til umsagnar.

8. Samþ. að veita Lúðvík Guðmundssyni Grett. 58, löggildingu til rafvirkjunar við lágspennukerfi í Reykjavík með venjulegum skilmálum.

9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 26. þ.m.

10. Lagt fram brjef frá Benedikt G. Waage forseta Í. S. Í., þar sem hann þakkar viðurkenningu þá, sem bæjarráð hefir veitt honum ( Fundargerð 20/10 11. liður) og ýmsar aðgerðir bæjarstjórnar í íþróttamálum.

11. Jón Guðlaugsson, Víðimel 60, sækir um meðmæli bæjarstjórnar til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Lagt fram brjef frá Sveinasamb. Byggingamanna viðv. auglýsingu um aðvörun vegna atvinnuleysis.

13. Lögð fram brjef frá verkamannafjel. Dagsbrún og atvinnuleysisnefnd fjelagsins um atvinnuhorfur og atvinnubætur.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Jakob Möller
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson
Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 3. nóvember kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Forkaupsrjettur boðinn að erfðafestulandinu Bústaðabletti XIX með húseigninni Urðarholti fyrir kr. 18.000.- Hafnað.

2. Synjað erindi Emils Rokstads, Bjarmalandi um eftirgjöf á auka-erfðafestugjaldi á Laugarnesbletti.

3. Lagt fram brjef frá bifreiðstöðinni Geysi viðv. leigugjaldi og faseignaskatti af stöðinni. Synjað um lækkun á fasteignagjaldi, en erindinu frestað að öðru leyti.

4. Skátafjelag Reykjavíkur æskir þess að vatnsæð verði lögð að suðurenda tjarnarinnar. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

5. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 2. þ.m.

6. Beiðnum um vinnu vísað til Ráðningarstofunnar.

7. Fjelag ísl. hjúkrunarkvenna þakkar aðstoð bæjarstjórnar við móttökur norrænna hjúkrunarkvenna síðastl. sumar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson
Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 10. nóvbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Beiðni Pauline Jónasson Háaleitisvegi 21 um land til garðræktar vísað til bæjarvekfræðings til athugunar.

2. Fyrir hönd eiganda hússins nr. 29 við Nýlendugötu fer Þóroddur E. Jónsson fram á, að bæjarsjóður greiði skaðabætur vegna skemmda, sem urðu 6. f.m. í kjallara hússins af völdum vatnsrennslis úr skolpleiðslu. Erindinu synjað.

3. Lögð fram skýrsla heilbrigisfulltrúa dags. 2. þ.m. um sorp og annan úrgang sem til fellur hjer í bænum.

4. Lögreglustjóri tilkynnir að lögregluþjónarnir Björn Vigfússon og Geir Finnur Sigurðsson hafi, að læknisráði, látið af störfum vegna meiðsla, er þeir urðu fyrir í óeirðum á bæjarstjórnarfundi 9. nóvbr. 1932. Frestað að taka ákvörðun um tillögu lögreglustjóra um sjerstakar bætur til lögregluþjónanna, auk eftirlauna skv. reglugerð Eftirlaunasjóðsins.

5. Samþ. að hefja atvinnubætur með 50 verkamönnum næstk. fimmtudag.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Guðm. Eiríksson Bjarni Benediktsson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, þriðjudaginn 14. nóvbr. kl. 4 1/2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Fyrir voru tekin útsvarsmál:**

Þóra G. Þórðardóttir Skólav. 12, Tómas Nikulásson Njg. 77, Sæmundur Sigurðsson Barón. 18, Óskar Árnason Framnv. 10, Sigurður Jónsson Görðum, Páll Th Jónasson Lauganesv. 67, Ólafur Sveinsson söluturninum, Hárgreiðslustofan Ondula, Karl A. Vilhjálmsson Baróns. 57, Edvaldsína Kristjánsdóttir Brár. 24, Guðni Jónsson Lauf. 71, Jóhann V. Guðlaugsson Lauf. 27, Gunnar K. Jónsson Vest. 56 Guðmundur H. Jónsson Staðarhóli, Jakob Kristinsson Skólav. 21, Ragnar E. Kvaran db., Sveinn Helgi Sigurðsson Berg. 6 a, Helga Jónsdóttir Víðmel 41, Þórhallur Friðfinnsson Reynimel 36, Geir Pálsson Garð. 17, Veggfóðrarinn h.f.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Guðm. Eiríksson
Bjarni Benediktsson Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 17. nóvbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. V með húseigninni Fagridalur fyrir kr. 24.500.- Hafnað.

2. Samþ. að selja frú Ásdísi Johnsen lóðina nr. 7 við Túngötu. Hjúkrunarfjel. Líkn, sem hafði verið gefinn kostur á lóðinn, hefir ekki hafist handa um byggingu.

3. Klæðaverksmiðjan Álafoss kvartar yfir því, að verksmiðjan fái ekki nægilegt heitt vatn frá borholum við Reyki, í stað vatns úr Austurlandshver sem verksmiðjan átti, en hvarf við boranir þar efra, að því er talið er. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

4. Lagt fram brjef frá A.S. Höjgaard og Schultz, dags. 16. þ.m. þar sem firmað býðst til þess að taka að sjer að legga allar pípur í götuæðar hitaveitunnar fyrir fast einingaverð. Bæjarverkfræðingi heimilað að ganga að tilboðinu.

5. Samþ. að hitaveitugjöld fyrir nóvember með sama verði og gert var fyrir októbermánuð.

6. Lögð fram drög að nýrri hitaveitugjaldskrá fyrir Laugaveituna. Verkfræðingum hitaveitunnar falið að leggja frv. fyrir næsta bæjarráðsfund.

7. Lagt fram brjef frá umsjónarkonum barnaleikvallarins við Njálsgötu um að leikvellinum verði haldið opnum í vetur. Synjað.

8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 16. þ.m.

9. Erindi Arngríms Kristjánssonar skólastjóra um ábyrgð á láni úr Lífeyrisjóði barnakennara eða samninga um greiðslu á lögtaksveðskuld bæjarsjóðs í Þorragötu 5, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

10. Kennarafjelag Laugarnesskólans æskir þess að Sigbjörn Sigurðsson verði skipaður umsjónarmaður skólahússins.

11. Karlakór iðnaðarmanna sækir um ókeypis rafmagn í húsnæði því er kórinn hefir til söngæfinga í Þjóðleikhúsinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Erlendur Erlendsson Lvg. 81 sækir um leyfi til að selja heitar pylsur í húsinu nr. 1 við Austurstræti með sömu reglum og rjettindum sem pylsuvagnar hafa. Ákveðið að fá umsögn lögreglustjóra.

13. Jón Sveinsson Brekk. 6 a sækir um leyfi til að hafa pylsuvagn á tjörninni til kl. 11 e.h. þá daga þegar skautasvell er.

14. Lögð fram skýrsla frá borgarritara um ráðstöfun á húsinu Fálkagötu 24.

15. Lögreglustjóri leggur til að í stað lögregluþjónanna Björns Vigfússonar og Geirs Finns Sigurðssonar verði settir lögregluþjónar hjer í bænum þeir Kristján Vattnes, Skeggjagötu 7 og Geir Jón Helgason Njálsg. 52 B. Vísað til bæjarstjórnar.

16. Lögreglustjóri leggur til að settir lögregluþjónar Sigfús I. Kolbeinsson og Greipur K. Kristjánsson verði skipaðir frá 1. desbr. næstk.

17. Firma Vald. Törsleff og Co, København tilkynnir borgarstjóra að það muni á næstunni senda honum nokkra kassa af dönskum ávöxtum til útbýtingar á sjúkrahúsum, barna- eða elliheimilum. Samþ. að þakka gjöfina.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Guðm. Eiríksson
Bjarni Benediktsson Jakob Möller
Jón A. Pétursson Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 24. nóvbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Synjað erindi Pauline Jónasson, Háaleitisveg 22 um 3 dagl. af Seljalandtúni eða 2-ha af óræktuðu landi til kartöfluræktar.
2. Samþ. að leyfa Þórarni Arnórssyni Lauf. 10 að hækka kartöflugeymslu á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXXVI um eina hæð úr vikursteini.
3. Lagt fram erindi frá nokkrum húseigendum við Bergþórugötu, þar sem þeir beiðast þess að gatan verði ekki hækkuð. Bæjarverkfræðingur upplýsti að hækkun verði ekki ráðgerð.
4. Lagt fram brjef [frá] Vörubílastöðinni Þróttur með tilkynningu um að vörubílstjórar hafi á fundi 14. þ.m. ákveðið að hækka tímavinnutaxta sinn upp í kr. 6.- um klst. í dagvinnu og aðra taxta hlutfallslega.
5. Flugmálafjelag Íslands fer þess á leit að bæjarverkfræðingi verði heimilað að veita fjelaginu aðstoð til þess að gera áætlanir um kostnað við að gera flugvöll. Bæjarráð vill sinna beiðninni.
6. Synjað erindi frá Þóri E. Long Hörð. 17 um eftirgjöf á rafmagnsskuld vegna grjótborunnar.
7. Byggingarfjelag Verkamanna beiðist þess að hin nýju hús fjelagsins í Rauðarárholti verði hituð með vatni frá Laugaveitunni næstk. sumar. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
8. Rætt um gjaldskrá fyrir hitaveituna frá Þvottalaugunum. Falið verkfræðingum hitaveitunnar til frekari athugunar.
9. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 20. þ.m.
10. Lagður fram reikningur Vetrarhjálparinnar síðastl. vetur 1938-1939.
11. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 22. þ.m.
12. Bæjarráð vill gefa Fremri-Torfustaðahreppi eftir kr. 100.- af skuld hreppsins v/ Björns I. Jónssonar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Guðm. Eiríksson
Jón Axel Pétursson Bjarni Benediktsson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, þriðjudaginn 5. desbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram yfirmatsgerð um leigu eftir verksmiðjulóð h.f. Hampiðjunnar í Rauðarárholti.

2. Lagt fram brjef frá Sveinafjelagi hárgreiðslukvenna dags. 22. f.m., með frv. um breytingu á lokunartíma hárgreiðslustofa hjer í bænum. Ákveðið að fá umsögn eigenda hárgreiðslustofanna um frumvarpið.

3. Lagt fram brjef frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur og barnaverndarráðinu með tillögum um sjerstakar ráðstafanir til að tryggja að börn líði ekki skort nú í vetur.

4. Bæjarráð getur ekki mælt með beiðni Guðmundar Stefánssonar og Ólafs Jónssonar fyrv. lögregluþjóna um uppbót á eftirlaun þeirra.

5. Synjað erindi Þorleifs Þorleifssonar Bjark.8, um 3000-4000 kr. lán úr bæjarsjóði.

6. Erindi Skafta Gunnarssonar Baugsv. 9, um aðstoð til að halda húseign hans, vísað til framfærslunefndar.

7. Lagðar fram skýrslur um starfsemi Ráðningarstofunnar í septbr. og oktbr. síðastl.

8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 4. þ.m.

9. Lagt fram brjef frá Verkamannafjel. Dagsbrún dags. 29. f.m. með tillögu sem samþykkt var á fundi í fjelaginu 28. f.m. varðandi atvinnubótavinnu.

10. Bæjarráð vill ekki skipa innheimtumenn iðgjalda Sjúkrasamlagsins sem fasta starfsmenn bæjarins og ekki hækka laun lögtaksfulltrúa, sem starfar að innheimtu þeirra gjalda.

11. Þórarinn Benedikz, Hrefnugötu 2, krefur bæjarsjóð um bætur fyrir tjón er hann telur að orðið hafi á húsi sínu 17. desbr. 1938 af völdum vatnsflóðs. Bæjarráð vill ekki sinna kröfunni.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Gum. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Bjarni Benediktsson Guðm. Eiríksson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 8. desbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbletti XI með húsum fyrir kr. 8000.- Hafnað.

2. Lagt fram brjef frá forstjóra Sundhallarinnar dags. 8. þ.m. með áætlunum og teikningum um stækkun Sundhallarinnar til þess að þar mætti koma fyrir gufuböðum og kerlaugum.

3. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um bilanir sem orðið hafa á raftaugakerfi Rafmagnsveitunnar í síðari hluta fyrra mánaðar.

4. Bæjarráð vill ekki verða við beiðni Þórs Sandholts ofl. um að leigja þeim lóðir undir einlyft íbúðarhús á svæðinu á milli Háteigsvegar og framhalds Flókagötu.

5. Synjað beiðni um að veitingasölu megi hafa í húsinu nr. 8 við Laugaveg, enda hefir heilbrigðisnefnd mælt á móti beiðninni.

6. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 7. þ.m.

7. Lögð fram tillaga Valtýs Stefánssonar er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 7. þ.m. Samþ. að biðja Valtý Stefánsson ritsjóra, Sig. Sigurðsson skipstj., Invar Vilhjálmsson skipstj., Sigurður Ólafsson gjaldkera og hafnarstjóra að ganga í nefnd til að rannsaka málið.

8. Lögð fram tillag Soffíu Ingvarsdóttur, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 7. þ.m. Samþ. að hefja mjókur - og lýsisgjafir í barnaskólunum næstk. mánudag.

9. Rætt um frv. til laga um breyting á lögum um útsvör, sem nú liggur fyrir Alþingi. Bæjarráð telur æskilegt að sú breyting verði gerð á frv. að allt útsvarið falli í gjalddaga á gjaldárinu. Borgarstjóra og borgaritara falið að fylgjast með málinu og reyna að fá frv. breytt eftir því sem þeir telja nauðsynlegt fyrir Reykjavík.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
H.H. Eiríksson Jón Axel Pétursson
Bjarni Benediktsson Guðm. Ásbjörnsson
Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 15. desbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Bjarni Pálsson Víf. 9 fer þess á leit f.h. eigenda hússins nr. 1 c við Lindargötu að bæjarráð beiti sjer fyrir því, að húsinu verði fenginn umferðarjettur að götu. Vísað til bæjarverkfr. til athugunar.

2. Sigfús Guðnason, Blönduhlíð, óskar þess að fá Kaupmannstún á leigu næsta sumar. Bæjarráð samþykkir að hann skuli sitja fyrir um leigu á túninu, ef það verður leigt næsta ár, eða að því leyti sem það verður leigt.

3. Samþ. að gefa Kristmundi Guðnassyni Bústaðabl. XIV og Gunnari Hall Eiríksg. 14, kost á leigulóðinni Víðmel 64, eftir beiðni Ingibergs Þorkelssonar, sem áður hafði fengið loforð fyrir lóðinni.

4. Ákveðnir leiguskilmálar að landi því, sem ætlað er að leigja fjelagsmönnum í málfundafjel. Óðni, úr landi jarðarinnar Breiðholts.

5. Ásgeir Þorsteinsson verkfr. skýrir frá athugunum sínum um möguleika fyrir því að hagnýta til áburðar úrgang frá húsum. Málið falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

6. Beiðni Sigurbjörns Maríussonar um lán vísað til framfærslunefndar.

7. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um tvo liði rafmagnsveitu- og Sogsvirkjunar-reikninganna s.l. ár.

8. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um reikninga Rafmagnsveitunnar 1938 og afkomu fyrirtækisins frá byrjun.

9. Brjefi Vigfúsar Vigfússonar, Garðsenda, um skrifst. hans við Ráðningarstofuna vísað til forstjóra stofunnar til umsagnar.

10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 14. þ.m.

11. Niðurjöfnunarnefndin ítrekar beiðni sína um hækkun á þóknun til nefndarmanna fyrir líðandi ár. Vísað til bæjarstjórnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Lögð fram tillaga verkfræðinga hitaveitunnar að gjaldskrá fyrir hitaveituna (Laugaveituna). Bæjarráð mælir með gjaldskránni, þó með þeim viðauka, að í janúarmánuði næstk. verði hitaveitugjaldið miðað við 58 kr. kolaverð pr. smálest.

13. Starfsmannafjelag Reykjavíkurbæjar ítrekar tilmæli sín um að sótt verði um viðurkenningu Tryggingarstofnunnar ríkisins á Eftirlaunasjóði Reykjavíkurbæjar til þess að starfsmenn bæjarins njóti ívilnunar á greiðslu lífeyrissjóðsgjalda sem tryggingalögin heimila. Bæjarráð mælir með erindinu.

14. Lagt fram brjef frá Garðari Þorsteinssyni hrmthm. dags. 14. þ.m., þar sem hann beiðist þess að leyfi til kvikmyndasýninga, sem P. Petersen, Gamla Bíó, hafir haft til þessa, verði veitt nýstofnuðu hlutafjelagi, H.f. Gamla Bíó, sem hafi keypt húseign Petersens við Ingólfsstræti og eigi að taka við eigninni 1. janúar næstk. Til vara beiðist hann þess, að leyfið verði veitt sjer persónulega. Jafnframt lagt fram brjef frá P. Petersen dags. 15. þ.m., sama efnis.

Þá var og lagt fram brjef frá Háskóla Íslands dags. 4. okt. síðastl., með beiðni um að bæjarstjórn taki til athugunar, að háskólanum verði veitt sýningarleyfið, ef samningar tækjust við eiganda Gamla bíó.

Málinu frestað og borgarstjóra falið að afla nauðsynlegra upplýsinga, t.d. fá lög hins nýja hlutafjelags, kaupsamning um húsið ofl.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Guðm. Eiríksson
Bjarni Benediktsson Jón A. Pétursson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, laugardaginn 16. desbr. kl. 4 1/2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

Útsvarsmál tekin fyrir: Geir Pálsson Garð. 17, Páll Þorgeirsson Karl. 5, Hallgrímur Hallgrímsson Egilsg. 32, Kristinn Guðnason Grett. 75, Ólafur Th. Guðmundsson Lauf. 44, Jón Þ. Kristinsson Lvg. 49 b, Eiríkur Ormsson Lauf. 34, Guðm. Sveinsson Kárastíg 3, Guðný Jóhannesdóttir Spít. 3, Guðmundur Helgason Vitastíg 15, Ársæll Árnason Sólv. 31, Axel Cortes Freyjg. 26, Einar Jónsson, Grett. 51, Helgi Guðvarðsson Grett. 57 b, Einar Sólonsson Barón. 14, Sveinn Sigurjónsson Sólv. 6, Tryggvi Ásgrímsson Hörp. 41, Guðrún H. Scheving Rán. 14, Friðrik Magnússon Bratt. 3 B, Rósinkar Guðmundsson Bárug. 22, Stefán Jónsson á Sv. 18, Sigurbergur Hjaltason Garðastr. 21, Ólafur H. Guðbjartsson Eir. 25, Jóhannes Hannesson Hvg. 68 a, Þorsteinn Sigurðsson Grett. 13, Sveinbjörn Kristjánsson Hvg. 39, Guðbjartur Ólafsson Framnv. 13, Halldór Sveinsson Suðurg. 13, Lárus Ottesen Lvg. 134, Guðmundur Magnússon Bræðr. 4, Albert Goodman Garð. 33, Garðar Þórhallson Hávallag. 44, Stílhúsgögn.

Fleira gerðist ekki.
fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Bjarni Benediktsson
Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 22. desbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Skúli Sigurðsson Reykjavíkurv. 9 æskir þess að mega gera tilboð um kaup á jörðinni Úlfljótsvatni. Samþ. að taka við tilboði, en án skuldbindingar um að jörðin verði seld.

2. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar dags. 21. þ.m. með tillögum um skipulag í Grjótaþorpinu. Vísað til bæjarverkfræðings og húsameistara til umsagnar.

3. Samþ. skilmálar að erfðafestulandinu Húsakotsbletti. Árlegt eftirgjald verði 35 kr. pr. ha., endurkaupsveð kr. 0.30 pr. ferm.

4. Borgarstjóra heimilað að láta af hendi lóð undir kirkjubyggingu í erfðafestulandinu Lækjarbakkabletti eystri, enda náist samningar við erfðafestuhafa um afhendingu landsins- eða hluta þess.

5. Lagt fram brjef frá dr. Helga Tómassyni yfirlækni með tillögu um að bæjarsjóður bjóði fram 25 - 30 þús. krónur til þess að gera megi sjúkradeild fyrir rólega sjúklinga á Kleppi. Falið borgarstjóra til athugunar.

6. Bæjarráð samþykkir að Birni Björnssyni hagfr. verði falið eftirlit skv. samningi um brunatryggingar í Reykjavík við h.f. Sjóvátryggingarfjelag Íslands, dags. 9. maí 1939, 8. grein 2. tölulið.

7. Lögð fram umsögn lögreglustjóra dags. 21. þ.m. um umsögn Erlendar Erlendssonar Lvg. 81 um leyfi til að selja pylsur úr skúr við húsið Austurstræti 1 á sama hátt og sala á pylsum er leyfð úr vögnum.

8. Lagt fram brjef frá framfærslumálanefnd bæjarstjórnar dags. 18. þ.m. með tillögu um að bæjarstjórn og ríkisstjórn vinni saman að því að hingað til bæjarins verði keyptir 7-10 vjelbátar, 50 - 100 tonna, til saltfiskveiða. Falið borgarstjóra til athugunar.

9. Lagt fram brjef sömu nefndar með tillögu um að bæjarstjórn ráði sjerstakan trúnaðarlækni, bæjarlækni.

10. Lögð fram tillaga Sigurðar Jónassonar, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 21. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Lögð fram tillaga um atvinnubótavinnu er vísað var til bæjarráðs á bæjarstjórnarfundi í gær.

12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 21. þ.m.

13. Lagt fram brjef frá Garðari Þorsteinssyni hrmflm. með lögum h.f. „Gamla Bíó" og afsali til fjelagsins fyrir húseign P. Petersens, Gamla Bíó við Ingólfsstræti.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Guðm. Eiríksson
Bjarni Benediktsson H. H. Eiríksson
Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1939, föstudaginn 29. desbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist.**

1. Lagt fram brjef frá Útvegsbanka Íslands h.f. með beiðni um að bannað verði að hafa pylsuvagna á gangstjettinni við bankann.

2. Lagt fram brjef lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 28. þ.m., ásamt tilboði frá Tryggingastofnun ríkisins um að slysatryggja lögregluþjóna bæjarins, auk lögboðinnar skyldutryggingar. Falið hagfræðingi bæjarins, Birni Björnssyni til umsagnar.

3. Brjefi frá Fjelagi slökkviliðsmanna um slysatryggingar slökkviliðsins, dags. 18. þ.m., sömuleiðis vísað til hagfræðingsins til umsagnar.

4. Lagt fram yfirlit yfir tekjur og gjöld Íþróttavallarins árin 1933-1938 og bráðabirgðayfirlit árið 1939.

5. Lagt fram brjef frá stjórn Hvítabandsjúkrahússins með beiðni um aukinn styrk árið 1940 og uppbót á styrk árið 1939.

6. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 28. þ.m.

7. Lagt fram brjef frá Garðari Þorsteinssyni hrmflm. með skýrslu um sundurliðað kaupverð á Gamla Bíó með innanstokksmunum og sýningartækjum.

8. Lagt fram brjef frá Strætisvagnar Reykjavíkur h.f. dags. 28. þ.m. með tilkynningu um að fjelagið segi upp samningum um flutning á lögregluþjónum ofl. frá næstk. áramótum.

9. Lögð fram brjef frá P. Petersen, Gamla Bíó dags. 20. þ.m. og 30. þ.m. varðandi rekstur kvikmyndahússins.

Eftir 8. mál var fundi frestað og honum haldið áfram laugardaginn 30. desbr. kl 3 e.h.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Bjarni Benediktsson Jón Axel Pétursson
Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur